# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

279. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 27. NÓVEMBER 2017




Margir lögðu leið sína á jólamarkað Skógræktarfélags Reykjavíkur við Elliðavatnsbæ í Heiðmörk um helgina. Markaðurinn var opnaður í hádeginu á laugardag með tendrun jólamarkaðstrésins og jólasöngvum sungnum af kór Norðlingaskóla. Þar er hægt að kaupa vistvæn jólatré og ýmsar vörur úr skóginum eins og eldivið og greinabúnt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Telur tæknivædda þjófa hafa brotist inn

**Bíleigandi og rafvirki í Hafnarfirði er viss um að þjófar sem brutust inn í bifreið hans í síðustu viku hafi nýtt sér tækni sem gerði þeim kleift að magna upp merki frá bíllyklum. Lögreglan segir aðferðina þekkta erlendis og þannig geti þjófar komist inn án ummerkja.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég tapaði verðmætum þarna,“ segir Björgúlfur Þorsteinsson, rafvirki og kennari við Tækniskólann, sem varð fyrir því í vikunni að óprúttnir aðilar brutust inn í Lexus-bifreið hans í Hafnarfirði og létu greipar sópa. Björgúlfur telur ljóst að þarna hafi farið tæknivæddir þjófar sem hafi nýtt sér tækni þar sem merki frá lyklum bifreiða með lyklalausu aðgengi er notað til að opna þá.

„Eftir að hafa tilkynnt málið til lögreglu og bílaumboðsins fór ég að lesa mér til um þetta og sá að það er ekkert mál að fara inn í bíla með lyklalaust aðgengi og nokkuð algengt,“ segir Björgúlfur.

Lögreglan telur ekki hægt að útiloka að þessi tækni sé komin til landsins. Nokkur umfjöllun hefur verið um þessa tegund innbrota í bíla í erlendum fjölmiðlum á borð við The New York Times og á tæknivefsíðunni Wired undanfarið.

> **Það er búið að vera nokkuð um að farið sé inn í bíla hér. Ummerkjalaust, já. En hvort sú tækni sé notuð eða önnur hefur ekki verið skoðað sérstaklega.**
>
> Margeir Sveinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Hafnarfirði

Margeir Sveinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Hafnarfirði, segir þessar aðferðir þekktar erlendis.

„Það er búið að vera nokkuð um að farið sé inn í bíla hér. Ummerkjalaust, já. En hvort sú tækni sé notuð eða önnur hefur ekki verið skoðað sérstaklega.“ Margeir bendir á að mál sem þessi geti verið snúin, meðal annars þar sem tryggingafélögin líti svo á að ummerki um innbrot þurfi að vera til staðar svo fólk fái tjón sitt bætt. **– smj / sjá síðu 4**

## Ný stjórn taki við í vikulok

**STJÓRNMÁL** Þingflokkar Sjálfstæðisflokks, Vinstri grænna og Framsóknarflokks munu funda í hádeginu í dag um innihald stjórnarsáttmála flokkanna.

„Það eru nokkur óleyst mál sem við formenn munum ræða. Stefnan er að ljúka þeim eins og hægt er þannig að unnt sé að leggja málið fyrir flokksmenn síðar í vikunni,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna. **– jóe / sjá síðu 2**



Katrín Jakobsdóttir

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Kristján Þór Júlíusson skrifar um menntun fyrir alla á Íslandi. 13

**SPORT** Draumamark Gylfa í miðri martröð hjá Everton. 16

**MENNING** Femínismi getur verið sterkt hreyfiafl í samfélaginu. 26

**LÍFIÐ** Á plötunni Out of the dark gerir söngkonan Brynhildur Oddsdóttir upp skilnað sem hún gekk í gegnum. 34



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FASTEIGNIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hæg norðlæg eða breytileg átt á landinu. Víða léttskýjað, en dálítil él með norður- og austurströndinni. Kalt í veðri og gætu tveggja stafa frosttölur sést í öllum landshlutum.
SJÁ SÍÐU 22

# Allir vilja fá samgöngumálin

**STJÓRNMÁL** Allir flokkarnir þrír, sem nú ræða ríkisstjórnarsamstarf, vilja fá ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála í sinn hlut. Einkum eru það ráðherraefni úr landsbyggðarkjördæmunum sem hafa áhuga á þeim ráðherrastól. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Þingflokkar flokkanna þriggja munu funda í dag og ræða næstu daga. Stefnt er að því að flokksstofnanir hvers flokks um sig komi saman í miðri viku til að ræða samstarfið. Áður en til þeirra funda kemur munu þingmenn flokkanna þó geta gefið athugasemdir við fyrirliggjandi samkomulag.

**» Stefnt er að fyrsta ríkisráðsfundi nýrrar ríkisstjórnar á föstudaginn, á 99 ára fullveldisafmæli Íslands.**

Fái samstarfið grænt ljós frá flokksmönnum munu formenn flokkanna gera tillögu við þingflokka sína um hvaða ráðherraembætti falli í hlut hvers flokks. Ráðherraefnin munu því eigi liggja fyrir fyrr en afstaða flokksmanna liggur fyrir. Gangi allt eftir er stefnt að því að fyrsti ríkisráðsfundur nýrrar ríkisstjórnar verði föstudaginn 1. desember næstkomandi, á 99 ára fullveldisafmæli Íslands.

Allt frá því hugmyndir um skiptingu fjármála- og efnahagsráðuneytisins í tvö ráðuneyti láku í fjölmiðla hefur skipting ráðuneyta ekki verið rædd með formlegum hætti, fyrr en nú á lokametrum viðræðnanna. Útlit er fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn fái fimm ráðherrastóla en Vinstri græn og Framsókn þrjá hvor. Heimildir Fréttablaðsins herma að sótt sé að Bjarna Benediktssyni að tryggja að Sjálfstæðisflokkurinn fái forseta þingsins fari svo að flokkurinn fái aðeins fimm ráðuneyti. **– aá, jóe**

# Smökkuðu jólaglögg og kaldreykta grálúðu



**Margt var um manninn á Jólamatarmarkaði Búrsins í Hörpu um helgina. Íslenskir bændur, sjómenn og fleiri smáframleiðendur buðu þar upp á matarveislu sem meðal annars jólaglögg, flatköku-taco, hrútaberjasýróp og kaldreykt grálúða var á boðstólum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sex milljóna hjólabrettabraut byggð á Dalvík

**DALVÍK** Stefnt er að því að koma upp hjólabrettabraut í Dalvíkurbyggð. Áætlaður kostnaður við verkefnið er tæpar sex milljónir króna.

Á fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar í liðinni viku var erindi þessa efnis tekið fyrir. Fram kom að við fjárhagsáætlunargerð síðastliðið vor hafi láðst að fjalla um þetta mál. Íþrótta- og æskulýðsráð óskaði eftir því við sveitarstjórn hvort hægt væri að gera ráð fyrir einni braut á fjárhagsáætlun ársins 2018.

Sveitarstjórn ákvað á fundi sínum að leggja tillöguna fram til kynningar en áður hafði byggðarráð tekið vel í hugmyndina og vísað henni til sveitarstjórnar. **– jóe**

# Einungis hægt að pissa með greiðslukorti

**Almenningssalerni í skiptistöð Strætó í Mjóddinni verða opnuð aftur á næstunni. Mun kosta 200 krónur og eingöngu verður hægt að greiða með greiðslukortum. Borgarfulltrúi segir að koma þurfi til móts við börn og aðra sem eiga ekki kort.**

**REYKJAVÍK** Borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt að opna á ný almenningssalerni í skiptistöð Strætó við Þönglabakka í Breiðholtinu og stendur til að salernin verði opnuð um mánaðamótin. Gestum skiptistöðvarinnar mun þá standa til boða að greiða 200 krónur fyrir aðgang að klósettinu, með greiðslukorti.

Kjartan Magnússon, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í borgarráði, segir þetta skref í rétta átt en hann hefur undanfarið lagt fram tillögur er varða skiptistöðina. Hins vegar sé enn þörf á að ráðast í ýmsar lagfæringar.

„Ég held að það séu tvö ár síðan ég lagði fram tillögu um að það yrði farið í uppfærslu. Það var ýmislegt sem þurfti að laga. Salernin voru ekki í notkun, svo þurfti að endurnýja húsbúnað og koma fyrir fleiri sætum vegna þess að notkunin á skiptistöðinni hefur aukist mjög mikið,“ segir Kjartan og bætir við að jafnframt sé mikilvægt að skiptistöðin verði opin farþegum á kvöldin.

Kjartan setur hins vegar spurningarmerki við það að rukkað sé inn á salernin og það eingöngu með greiðslukortum. Vill hann að borgarráð ræði saman um framkvæmdina og komist að sameiginlegri niðurstöðu um hana. „Ég vil ræða prinsippið sem slíkt og upphæðina. Og svo þetta að menn þurfi að hafa greiðslukort til að komast á salerni. Hvað með börn og unglinga? Svo er líka til fullorðið fólk sem hefur ekki greiðslukort,“ segir Kjartan.

„Þannig að við óskum eftir því að þetta verði rætt og það verði komið til móts við þá sem hafa ekki greiðslukort,“ bætir Kjartan við og segir að ókeypis sé inn á næstum því öll almenningssalerni á vegum borgarinnar.




**Ein stærsta skiptistöð Strætó er í Mjóddinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Ég vil ræða prinsippið sem slíkt og upphæðina. Og svo þetta að menn þurfi að hafa greiðslukort til að komast á salerni.**



Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi

Kjartan lagði fram tillögu um opnun þessara salerna og fjölgun sæta í biðsal síðast í júní. Sú tillaga var felld en fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri græna greiddu þá atkvæði gegn henni. Um fjórar milljónir manna fara árlega um skiptistöðina og þar á meðal farþegar sem fara með vögnum Strætó út á land. Einkahlutafélagið Sannir landvættir mun sjá um rekstur salernisins. Það er í eigu verkfræðistofunnar Verkís og Bergrisa hugbúnaðar ehf. **thorgnyr@frettabladid.is**




**Nicorette® Cooldrops munnsogstöflur** (innihalda nikótín) eru notaðar við tóbaksfíkn. Þær draga úr fráhvarfseinkennum vegna nikótíns og reykingaþörf hjá reykingafólki 18 ára og eldra. Munnsogstafla er látin leysast upp í munni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

IS/NIC/L/K -2017-02-1




**Vertu Hybrid megin í umferðinni ásamt 10 milljónum ökumanna um heim allan.**

Hybrid bílarnir frá Toyota eru einstaklega áreiðanlegir og liprir í akstri. Þeir eru búnir hátæknilegum búnaði þar sem kerfið sér sjálft um að skipta milli bensínmótors og rafhlöðu á orkusparandi hátt. Rafhlaðan er hönnuð til að endast líftíma bílsins og þú þarft aldrei að stinga í samband!

Veldu kraft, fegurð og framfarir, og færðu þig yfir á Hybrid í dag.

· **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Ráðherra telur tjáningarfrelsi skipað skör lægra en rétti til einkalífs

**MANNRÉTTINDI** Sigríður Andersen dómsmálaráðherra segir tjáningarfrelsinu skipað skör lægra í stjórnarskránni en réttinum til einkalífs. Á þetta benti ráðherra dómurum landsins í erindi sem hún hélt á aðalfundi Dómarafélags Íslands á föstudag. Þar lýsti ráðherrann efasemdum um réttmæti þess að opinberar persónur, og æra þeirra, þurfi að þola lakari réttarvernd en aðrir.

Í erindinu gerði ráðherra umfjöllun og áhuga fjölmiðla á dómum Mannréttindadómstóls Evrópu í meiðyrðamálum að sérstöku umtalsefni. Margir dómar hafa fallið gegn íslenska ríkinu í meiðyrðamálum, nú síðast í máli Steingríms Sævars Ólafssonar í mars síðastliðnum.

„Mér hefur nú þótt undarlega einhliða sá áhugi allur. Bæði fjölmiðlar og stjórnmálamenn hafa til að mynda talið dóma Mannréttindadómstólsins, sem fallið hafa á fyrri hluta ársins í meiðyrðamálum þar sem dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið á tjáningarfrelsi hér á landi, til marks um stórkostlega galla á löggjöf eða störfum íslenskra dómstóla, ef ekki hvoru tveggja,“ sagði Sigríður.

„Ég hef ítrekað verið krafin svara um aðgerðir í þessum efnum. Ég hef hins vegar ekki enn fengið neina fyrirspurn um nýlega dóma Mannréttindadómstólsins þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið á friðhelgi einkalífsins, sem æra manns svo sannarlega er.“

Sigríður lýsti því hvernig grundvallarréttindi borgaranna vegast á í þessum málum, tjáningarfrelsið annars vegar og rétturinn til einkalífs hins vegar. „Sumir myndu segja að þessi réttindi skelli harkalega saman í þessum málum. Á það má þó benda að tjáningarfrelsinu er þó skipað skör lægra í stjórnarskránni með því að gert er ráð fyrir að það megi takmarka vegna mannorðs annarra.“ – aá



**Aðalfundur Dómarafélags Íslands var haldinn síðastliðinn föstudag. Meðal ræðumanna var Sigríður Andersen dómsmálaráðherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Vilja að íbúar geti gengið alla strandlengjuna

**SKIPULAGSMÁL** Tveir bæjarfulltrúar minnihlutans í Kópavogi gagnrýndu á fundi bæjarráðs á fimmtudag áform um breytingu deiliskipulags landfyllingarinnar á Kársnesi þar sem byggja á heilsulindarhótel. Telja þeir óásættanlegt að aðgengi almennings að strandlengju Kársness verði skert.

„Ég vil einfaldlega ekki loka strandlengjunni fyrir almenningi í þágu einkaaðila,“ segir Ása Richardsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, í samtali við Fréttablaðið. Hún gagnrýndi deiliskipulagsbreytingu Vesturvarar 40 til 50. Það gerði einnig Margrét Júlía Rafnsdóttir, bæjarfulltrúi Vinstri grænna og félagshyggjufólks, sem benti á að samkvæmt náttúruverndarlögum sé lögð áhersla á að almenningur hafi aðgang að allri strandlengjunni.



**Ása Richardsdóttir**

„Þarna er um 155 metra af 4.600 metra strandlengju Kársness að ræða þar sem gönguleiðin tekur smá hlykk. Umrætt svæði verður opið fyrir almenning og mun auka almenn lífsgæði,“ bókaði Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, á fundinum.

Bæjarráðið vísaði tillögunni að breyttu deiluskipulagi til bæjarstjórnar. Ása greiddi atkvæði gegn henni og bókaði að hótelið væri fyrirhugað á lokuðu svæði en ekki almenningssvæði. Margrét Júlía sat hjá. – **hg**

**Umrætt svæði verður opið fyrir almenning og mun auka almenn lífsgæði.**

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs

# Viss um að tæknivæddir þjófar hafi stolið úr bíl í Hafnarfirði

**Brotist var inn í læsta bifreið í Hafnarfirði í síðustu viku. Eigandinn telur þrjótana hafa nýtt sér tækni sem gerir þjófum kleift að magna upp merki frá lyklum bíla með lyklalaust aðgengi til að opna hann ummerkjalaust. Lögreglan segir aðferðina þekkta erlendis og að ekki sé hægt að útiloka að tæknin hafi náð hingað til lands.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég tapaði verðmætum þarna,“ segir Björgúlfur Þorsteinsson, rafvirki og kennari við Tækniskólann, sem varð fyrir því í vikunni að óprúttnir aðilar brutust inn í Lexusbifreið hans í Hafnarfirði og létu greipar sópa.

Björgúlfur telur ljóst að þarna hafi farið tæknivæddir þjófar sem hafi notað tækni þar sem merki frá lyklum bifreiða með lyklalausu aðgengi er notað til að opna þá. Hann telur fólk þurfa að gera ráðstafanir því að þjófar geti notað merki, þó veik séu, frá bíllyklum sem séu inni í húsum til að komast inn í bíla í dag, líkt og í hans tilfelli. Lögreglan telur ekki hægt að útiloka að þessi tækni sé komin til landsins.

„Eftir að hafa tilkynnt málið til lögreglu og bílaumboðsins fór ég að lesa mér til um þetta og sá að það er ekkert mál að fara inn í bíla með lyklalaust aðgengi og nokkuð algengt,“ segir Björgúlfur.

„Ég sá að fólki hefur verið ráðlagt að geyma lyklana hreinlega inni í ísskáp en ég fann betri lausn, sem er að setja þá í kökubox úr málmi.“

Björgúlfur segir mikilvægt að fólk viti af þessum möguleika og verji eigur sínar og bíla. Mackintosh-dósirnar fyrir jólin geti þannig öðlast nýtt hlutverk við að sporna gegn innbrotum, sem Björgúlfur kveðst hafa heyrt að mikið hafi verið um í Hafnarfirði að undanförnu.

Samhliða því að komast inn í læstan bílinn virðast þrjótarnir einnig hafa komist hjá öðrum öryggisbúnaði bílsins, öryggismyndavél sem Björgúlfur telur þjófana hafa ruglað meðan þeir athöfnuðu sig. Myndavélin hafi ekkert tekið upp meðan innbrotið átti sér stað en svo farið í gang þegar þegar hann kom að bílnum eftir á. Hann kveðst ekki í nokkrum vafa um að þetta sé þaulskipulögð starfsemi.

„Þetta eru skipulagðir glæpir.“

Nokkur umfjöllun hefur verið um þessa tegund innbrota í bíla í erlendum fjölmiðlum á borð við The New York Times og á tæknivefsíðunni Wired undanfarið. Þar er bent á að hægt sé að kaupa og smíða búnað til þessa tiltölulega ódýrt.

Margeir Sveinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Hafnarfirði, segir þessar aðferðir þekktar erlendis.

„Það er búið að vera nokkuð um að farið sé inn í bíla hér. Ummerkjalaust, já. En hvort sú tækni sé notuð eða önnur hefur ekki verið skoðað sérstaklega. Þetta er þekkt erlendis og aðrar aðferðir en við getum ekki útilokað neitt. Það sem kemur erlendis berst oftar en ekki hingað.“

Margeir bendir á að mál sem þessi geti verið snúin, meðal annars þar sem tryggingafélögin líti svo á að ummerki um innbrot þurfi að vera til staðar svo fólk fái tjón sitt bætt.

**mikael@frettabladid.is**



**Þjófar geta hagnýtt sér tækni og brotist inn ummerkjalaust.** NORDICPHOTOS/GETTY




**Hér má sjá dæmi um búnað til að opna bíla með þessum hætti sem tækniöryggisfyrirtækið Quihoo 360 smíðaði fyrir lítið fé.**



**Björgúlfur Þorsteinsson**



VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN

STUTTUR BIÐTÍMI

Tæknimenn okkar hafa hlotið sérþjálfun frá FCA (Fiat Chrysler Automobiles) og auk þess með áratugareynslu í að sinna öllum almennum viðgerðum á flestum tegundum bifreiða.

GERUM VIÐ FLESTAR TEGUNDIR BIFREIÐA

Tímapantanir í síma 534-44 33

ALFA ROMEO · CHRYSLER · DODGE · FIAT · FIAT PROFESSIONAL · Jeep · RAM · MOPAR

ÍSBAND – ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Íslensk-Bandaríska ehf - Verkstæði og varahlutaverslun - Smiðshöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433
thjonusta@isband.is - www.isband.is - OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Agung-fjall er á barmi eldgoss. NORDICPHOTOS/AFP

## Agung-fjall á barmi stórgoss

**INDÓNESÍA** Rauð viðvörun er í gildi á indónesísku eyjunni Balí þar sem talið er að Agung-fjall sé við það að gjósa stóru gosi. Öskuský hafa í tvígang rokið upp úr fjallinu í vikunni og hefur það valdið töluverðum truflunum á flugsamgöngum.

Starfsemi flugvalla var haldið áfram í gær en þó höfðu allnokkur flugfélög aflýst ferðum sínum vegna öskuskýsins. Þá hafa yfirvöld hafið dreifingu öndunargríma á þeim svæðum sem öskufall er hvað mest.

„Það er enn öruggt að ferðast til Balí, nema til hættusvæðisins umhverfis Agung-fjall,“ sagði í yfirlýsingu frá almannavörnum Indónesíu í gær. Var þeim tilmælum jafnframt beint til innfæddra sem og ferðamanna að allir innan 7,5 kílómetra frá eldfjallinu ættu að yfirgefa svæðið í snatri. – þea



Robert Mugabe, fyrrverandi forseti Simbabve. NORDICPHOTOS/AFP

## Mugabe ekki verkefnalaus

**SIMBABVE** Robert Mugabe mun áfram gegna mikilvægu hlutverki í simbabveskum stjórnmálum þrátt fyrir að hafa sagt af sér forsetaembættinu á dögunum. Þetta sagði Fidelis Mukonori, prestur sem miðlaði málum á milli Mugabe og hersins, í viðtali við BBC í gær. Mugabe sagði af sér á þriðjudag í kjölfar þess að herinn tók völdin í landinu viku fyrr.

Sagði Mukonori að hlutverk Mugabe myndi felast í því að veita hinum nýja forseta, Emmerson Mnangagwa, ráðgjöf sem honum reyndari maður. Mnangagwa, langtímabandamaður Mugabe, var rekinn úr varaforsetaembættinu fyrr í mánuðinum og leiddi sú ákvörðun forseta að lokum til þess að Mugabe missti sæti sitt.

Mukonori vildi þó ekki staðfesta fréttir þess efnis að Mugabe hefði fengið 10 milljónir Bandaríkjadala fyrir að segja af sér. – þea

## Ákærð fyrir heimilisofbeldi

**BANDARÍKIN** Glee-stjarnan Naya Rivera hefur verið ákærð fyrir heimilisofbeldi gegn eiginmanni sínum, Ryan Dorsey. Frá þessu greindu miðlar vestanhafs í gær en Rivera, sem lék klappstýruna Santana Lopez í þáttunum, var handtekin í Vestur-Virginíu á dögunum.

Samkvæmt skýrslu lögreglu voru lögregluþjónar kallaðir á vettvang vegna heimiliserja. Kemur þar fram að Dorsey hafi sagt þeim að Rivera hafi lamið hann í höfuðið. Sýndi Ryan lögregluþjónum myndbönd, tekin á síma hans, sem studdu mál hans.

„Eins og alltaf þá er ákæran á hendur Rivera einungis ásökun. Hún er álitin saklaus uns sekt er sönnuð,“ segir í tilkynningu frá lögreglu. – þea

## Mannskæð sprenging



Að minnsta kosti tveir fórust og þrjátíu slösuðust þegar sprenging varð í verksmiðju í kínversku hafnarborginni Ningbo. Sprengingin var svo öflug að næstu byggingar hrundu við höggið. Sprengingar sem þessi eru tíðar í Kína og hefur ítrekað verið kallað eftir bættum öryggisreglugerðum og eftirliti. Ríkisstjórn Kína sagði í tilkynningu að unnið væri að því að herða refsingar fyrir þá aðila sem brjóta á öryggisreglugerðum. NORDICPHOTOS/AFP

# Ekki búið að hækka sektir við snjallsímanotkun ökumanna

**Ráðherra hefur ekki enn hækkað sektir fyrir snjallsímanotkun við akstur, eins og Ríkissaksóknari lagði til. Breytingin líklegast gerð samhliða breytingum á umferðarlögum. Aðalvarðstjóri í umferðardeild segir fyrirkomulagið í dag ekki hafa nein forvarnaráhrif og að sektirnar þurfi að fara úr 5 þúsundum í 40 þúsund.**



Stór hluti nemenda í framhaldsskólum notar snjallsíma undir stýri. Flestir tala í símann. NORDICPHOTOS/GETTY

**STJÓRNSÝSLA** Sektir fyrir að nota síma í akstri án handfrjáls búnaðar hafa ekki enn verið hækkaðar. Greint var frá því í byrjun júlí að ríkissaksóknari hefði sent þá tillögu til ráðherra að hækka sektirnar úr 5 þúsund krónum í 40 þúsund krónur.

„Það er ekki búið að hækka eitt eða neitt,“ segir Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri í umferðardeild lögreglunnar. „Það er ekki komin fram ný reglugerð. Þetta er 5 þúsund króna sekt og ef menn borga innan 30 daga þá eru þetta 3.750, sem hefur ekkert forvarnargildi að mínu mati. Ég held að allir sem tala fyrir bættu umferðaröryggi vilji sjá þetta ganga fram,“ segir Guðbrandur við Fréttablaðið.

Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, aðstoðarmaður samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, segir að ráðherrann hafi sett málið í samráðsferli og óskað eftir umsögnum. Í framhaldi hafi ráðherra sett Samgönguþing unga fólksins og þá kallað eftir sjónarmiðum yngra fólks. Þar var samþykkt ályktun. Í henni kemur fram að laga þurfi „regluverkið að aukinni snjalltækjanotkun í umferðinni. Hækka þarf sektir fyrir notkun þeirra undir stýri og skoða kosti og galla kerfis þar sem sektir eða refsingar komi jafnt við alla tekjuhópa í landinu.“

Vigdís segir að í framhaldinu verði málið svo tekið upp í heildarendurskoðun á umferðarlögunum, vegna þess að reglugerðir þurfi alltaf að eiga heimildir í lögum. „Það er staðan og það er verið að vinna í heildarendur-



**Guðbrandur Sigurðsson**

skoðun laganna og þessi breyting verður gerð samhliða,“ segir Vigdís sem gerir jafnframt ráð fyrir að nýr ráðherra verði tilbúinn með frumvarp um breytingu á umferðarlögum í febrúar. Á hinn bóginn verði næsta þing mjög stutt vegna sveitarstjórnarkosninganna í vor.

Í könnun sem Rannsóknir og greining við Háskólann í Reykjavík gerði og Fréttablaðið sagði frá um miðjan ágúst kom fram að fimm af hverjum sex framhaldsskólanemum hér á landi notar snjallsíma undir stýri. Notkun eykst með hækkandi aldri.

Á vef tryggingafélagsins Sjóvár kemur fram að flestir, eða 71 prósent, tala í símann, 58 prósent leita að upplýsingum á netinu, 44 prósent senda eða svara textaskilaboðum og helmingur sendir Snapchat. Þá skoðar rúmur fjórðungur samfélagsmiðla og 12 prósent horfa á vídeóklippur.

jonhakon@frettabladid.is

http://www.heimkaup.is

Allt að
90%
afsláttur!

# Cyber Monday

Allt
lækkar!

# Netmánudagurinn er í dag!

Örlítið sýnishorn af því sem er á stærstu netútsölu ársins... á Heimkaup.is

-52% Under Armour Speed Swift 2 hlaupaskór — 14.490 6.990 kr.

-63% Aflausn (innbundin) — 3.690 1.380 kr.

-43% Skjaldbökuhlaupið - borðspil — 4.390 2.490 kr.

-51% Marta Jonsson hliðartaska — 24.995 12.220 kr.

-78% Þýska húsið (MP3 hljóðbók) — 4.490 990 kr.

-35% Whirlpool frystikista (395 lítra) — 59.990 39.204 kr. Kynningarverð

-57% Sigga Beinteins: Jólalögin mín — 3.490 1.490 kr.

-43% Vinylplatan Hefnið okkar - Úlfur Úlfur — 5.290 2.990 kr.

-43% Zoon: Garún dúnúlpur — 49.990 28.420 kr.

-57% Under Armour íþróttataska — 10.990 4.690 kr.

-49% Under Armour stutterma-bolur — 5.490 2.810 kr.

-60% Fun Factory unaðsvörur — 14.990 5.990 kr.

-51% Villimey: Fótagaldur, húðgaldur og bumbu-galdur — 7.590 3.720 kr.

-41% Brit Premi-um Adult - 18 kg — 8.490 4.990 kr.

-53% Kersten plastblómin — 2.990 1.420 kr.

-50% Amefa ostahnífar — 3.990 1.980 kr.

-35% Siemens iQ300 kæli- & frystiskápur (186cm) — 89.990 58.620 kr. Kynningarverð

-90% Maður sem heitir Ove á DVD — 2.990 290 kr.

Allt að -70% afsláttur Playstation 4 tölvuleikir — 2.390 kr.

-59% Brandson skjóðan — 6.990 2.880 kr.

-38% Cintamani: Antony barnaflíspeysa — 11.990 7.420 kr.

Allt að -50% afsláttur Öll Bold Metal línan frá Real Techniques — Verð frá: 1.290 kr.

-37% Magformers Basic sett — 2.290 1.440 kr.

-45% Sous Vide stafur — 24.990 13.740 kr.

-46% Ty Hello Kitty brúða (33 sm) — 2.990 1.620 kr.

-43% Andersson 300W handþeytari — 3.990 2.260 kr.

-30% Caffitaly M2 kaffivél — 19.990 13.921 kr.

-35% Samsung Tab A T280 spjaldtölva — 26.900 17.410 kr.

Landsins mesta úrval jólagjafa – yfir 35.000 vörur!

Gerðu þín bestu kaup fyrir jólin á netinu!

HEIMKAUP
Smáratorgi 3 · 201 Kópavogi · 550 2700

# Háir skattar íþyngja brugghúsunum

**Opinber gjöld eru eitt helsta vandamálið sem bjórframleiðendur á Íslandi standa frammi fyrir. Þurfa að standa skil á skattinum áður en varan er seld. Gerir fyrirtækjum erfiðara að fjármagna sig. Samanlagðar tekjur brugghúsanna námu hundruðum milljóna á síðasta ári.**

**VIÐSKIPTI** Skattlagning á áfengisframleiðendur er eitt helsta vandamálið sem litlir bjórframleiðendur standa frammi fyrir. Þetta segir Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins.

Töluverð aukning hefur verið í neyslu bjórs á undanförnum árum, en sala í Vínbúðunum jókst um rúm 13 prósent á árunum 2012 til 2016. Fór úr 14,5 milljónum lítra í 16,4 milljónir lítra. Um 70 prósent af sölunni er íslensk framleiðsla. Á sama tíma hafa tekjur íslenskra bjórverksmiðja aukist. Eitt besta dæmið er kannski bruggverksmiðjan á Árskógssandi þar sem bjórinn Kaldi er framleiddur. Sölutekjur verksmiðjunnar voru 436 milljónir króna á árinu 2016 og jukust um 44,6 milljónir króna eða 11,4 prósent. Ölvisholt brugghús seldi vörur fyrir 74 milljónir króna í fyrra og Einstök ölgerð seldi bjór fyrir tæpar 46 milljónir, svo dæmi séu tekin. Bjórframleiðsla stærri fyrirtækja á borð við Vífilfell og Ölgerðina er síðan mun umfangsmeiri.

„Tækifærin eru náttúrlega fólgin í því að það er aukin ferðamennska og við erum með mjög flotta aðila sem eru að spretta upp í þessu umhverfi þó að það sé svona erfitt umfangs,“ segir Björg.



Innlendum brugghúsum hefur fjölgað síðustu ár og vöruúrval aukist þar af leiðandi í ÁTVR. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Samtök iðnaðarins boðuðu til fundar um íslenska bjórframleiðslu í vikunni. „Þessir minni bjórframleiðendur hafa viljað fá einhvern svona vettvang til að berjast fyrir sínum hagsmunamálum, sem eru reyndar sameiginleg stærri framleiðendum líka. Við höfum sagt að við viljum styðja við það,“ segir Björg Ásta um tilefni fundarins.

Opinber gjöld sem lögð eru á bjór eru misjafnlega há eftir því hve há áfengisprósentan er, en að minnsta kosti helmingurinn af söluverðinu. „Svo eftir því sem áfengisprósentan hækkar þá hækkar hlutfallið,“ útskýrir hún.


Björg Ásta Þórðardóttir

Björg Ásta segir íþyngjandi fyrir bjórframleiðandann að þurfa að standa skil á opinberum greiðslum til ríkisins áður en varan er seld. „Áfengisframleiðandinn þarf að standa skil á skattinum til ríkisins. Hann selur síðan vöruna til birgja, vínveitingahúsa eða ÁTVR sem fær þá 30 daga greiðslufrest,“ segir Björg Ásta. Það geti því liðið 30 dagar frá því að framleiðandinn er búinn að greiða opinber gjöld og þangað til hann fær sölutekjur af vörunni. „Þannig að þetta er mög þungur rekstur. Svo er markaðssetningin takmörkuð út af áfengissölubanni og fleira,“ bætir hún við.

Björg Ásta telur að Íslendingar hafi sett heimsmet í skattlagningu á áfengi. „Þessi staða er erfið fyrir litlu aðilana sem eru að reyna að starta fyrirtæki með allt sem því fylgir og reyna að markaðssetja sig,“ segir hún.

**jonhakon@frettabladid.is**



# Netverslunardagurinn

## Cyber Monday í Skeifunni og í netverslun Pennans

ÍSLENSKA/SIA.IS PEN 86586 11/17

Netverslun Pennans tekur þátt í Cyber Monday með ótrúlegum tilboðum. Tryggðu þér fallega muni á netinu og fáðu þá senda heim.*





Remastered Aeron
Tilboðsverð 199.875 kr.
verð áður 299.875 kr.
**Verðlækkun 100.000 kr.**

Eames DSW
Tilboðsverð 45.900 kr.
verð áður 63.900 kr.
Charles & Ray Eames, 1950



Every brúnn
Tilboðsverð 39.900 kr.
verð áður 87.375 kr.



Eames House Bird
Tilboðsverð 14.900 kr.
verð áður 19.900 kr.



Coffee Table
Tilboðsverð 239.900 kr.
verð áður 279.900 kr.
Isamu Noguchi, 1944

*Sendingarkostnaður er ekki innifalinn í verði. Tilboðin gilda aðeins mánudaginn 27. nóvember 2017.

---

Opið virka daga 8:00–18:00
Laugardaga 11:00–15:00
www.penninn.is

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91–93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Tilboð á gjafavörum gilda einnig í verslunum Pennans Eymundsson. Vöruúrval getur verið mismunandi eftir verslunum.

Penninn Eymundsson

Penninn Húsgögn

# Enn einn hnúturinn í Brexit-ferlinu

**Ekki verður hægt að ræða um landamæragæslu á landamærum Írlands og Norður-Írlands fyrr en fríverslunarsamningar hafa náðst á milli Breta og ESB. Írar hóta hins vegar að beita neitunarvaldi gegn slíkum samningi þar til landamæramálið hefur verið rætt.**

**BRETLAND** Ekki verður hægt að komast að neinni niðurstöðu um hvernig landamæragæslu á landamærum Írlands og Norður-Írlands, og þar með Bretlands, verður háttað fyrr en fríverslunarsamningur verður gerður á milli Bretlands og Evrópusambandsins. Þetta sagði Liam Fox, milliríkjaviðskiptaráðherra Bretlands, í gær.

Phil Hogan, framkvæmdastjóri ESB á sviði landbúnaðar og byggðaþróunar og fulltrúi Írlands, sagði hins vegar fyrr um daginn að Írar minntu á þá hótun sína að ríkið gæti beitt neitunarvaldi gegn hvers konar slíkum samningi þar til komin væri niðurstaða í landamæramálið.

„Ef Bretland og Norður-Írland fengju áfram að vera í tollabandalagi Evrópusambandsins og jafnvel hluti af innri markaði þess yrði hins vegar ekkert vandamál með landamærin,“ sagði Hogan í viðtali við The Observer.

Írska ríkisstjórnin hefur verið á þeirri línu að engin landamæragæsla yrði á milli ríkjanna allt frá því Bretar kusu að yfirgefa ESB.

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, hefur hins vegar áður sagt að Bretar muni hvorki tilheyra tollabandalaginu né innri markaðnum við útgönguna úr Evrópusambandinu.

Þessari skoðun May deilir Liam Fox. „Við viljum ekki að það verði

> **Ég vona að Bretar séu ekki að halda Írum í gíslingu í þessum útgönguviðræðum. Þetta er allt of alvarlegt vandamál til þess.**
>
> 
>
> Mairead McGuinness, Evrópuþingmaður Írlands

landamæragæsla þarna en Bretar munu yfirgefa tollabandalagið og innri markaðinn.“ Ekki sé þó hægt að gefa lokasvar við landamæraspurningunni fyrr en viðræður við ESB séu komnar mun lengra.

Er því kominn upp nokkurs konar hnútur í útgönguferlinu enda krefjast yfirvöld á Írlandi þess að fá skriflega staðfestingu á því sem allra fyrst að engin landamæragæsla yrði á landamærum Írlands og Norður-Írlands.

John McDonnell, skuggafjármálaráðherra stjórnarandstöðunnar á Bretlandi, fjallaði um ummæli Fox í gær og gagnrýndi. Sagði hann að Verkamannaflokkurinn væri ekki tilbúinn til að slá aðild að tollabandalagi og innri markaði út af borðinu. „Ég vona að forsætisráðuneytið hafi ekki samþykkt þessa yfirlýsingu Fox,“ sagði McDonnell við ITV.



**Mögulegri landamæragæslu á landamærum Írlands og Norður-Írlands hefur verið mótmælt.** NORDICPHOTOS/AFP

Mairead McGuinness, Evrópuþingmaður Írlands, gagnrýndi Fox einnig. Sagðist hún hafa áhyggjur af ummælum Fox og hvatti Breta eindregið til að halda sig innan bæði tollabandalagsins og innri markaðarins. „Ég vona að Bretar séu ekki að halda Írum í gíslingu í þessum útgönguviðræðum. Þetta er allt of alvarlegt vandamál til þess.“

Viðræður við ESB standa nú yfir og hafa gengið brösulega. Evrópusambandið gaf ríkisstjórn May nýlega frest til 4. desember næstkomandi til þess að skila tillögum um landamærin, frumvarp um að Bretar skuli áfram greiða þær upphæðir sem ríkið skuldbatt sig til að greiða ESB á meðan ríkið var aðili að sambandinu, og um réttindi borgara ríkja Evrópusambandsins búsettra í Bretlandi og öfugt.

**thorgnyr@frettabladid.is**



**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA



Tilboðin
gilda eingöngu
á husa.is

# NET MÁNUDAGUR

## Í VEFVERSLUN HÚSASMIÐJUNNAR | husa.is



Allt að
# 50%
## afsláttur
af völdum vörum
fyrir heimilið
Aðeins í dag

**FRÍ HEIMSENDING Í VEFVERSLUNAÐEINS Í DAG**
Að undanskilinni múrvöru og öðrum nýbyggingarvörum

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Smá daður



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Allar byltingar í átt til frelsis og framfara í þágu undirokaðra samfélagshópa eru og hafa ávallt verið í eðli sínu fjöldahreyfingar. Tilefni byltinganna eða það sem verður til þess að koma þeim af stað miðar oftar en ekki við þá hópa sem þurftu að þola verstu tilfellin af kúgun og undirokun. Það dregur þó engan veginn úr mikilvægi byltingarinnar að allir sem tilheyra hinum undirokaða samfélagshópi skuli leggja sitt lóð á vogarskálarnar, heldur þvert á móti, þar sem það er styrkur í fjöldanum. Fórnarlömb hætta að vera fórnarlömb en verða þess í stað leiðarljós í fjöldahreyfingu til frelsis og framfara.

Kvennabyltingin sem nú stendur yfir er einmitt gott dæmi um slíka byltingu sem finnur styrk sinn í fjöldanum og samstöðunni. Þetta skildu vel þau hundruð íslenskra stjórnmálakvenna sem fyrir skömmu sendu frá sér yfirlýsingu og settu fram kröfu um bætta stjórnmálamenningu með yfir hundrað dæmum um það sem konur hafa mátt þola á þessum vettvangi. Eðli málsins samkvæmt eru sögur kvennanna jafn ólíkar og þær eru margar enda eru hér á ferðinni einstaklingar sem eiga þann sjálfsagða rétt að setja sín eigin mörk í samskiptum frá degi til dags.

Fljótlega fóru þó að heyrast þær raddir, oftar en ekki frá karlmönnum af eldri kynslóðinni, að hinar eða þessar smásögurnar af neikvæðri og jafnvel niðurlægjandi reynslu ættu nú tæpast rétt á sér. Að það að kona sem kvartaði undan smá daðri, klappi eða glápi gerði nú bara lítið úr þeim sem þyrftu að þola eitthvað á borð við káf eða nauðgun. Að slíkar umkvartanir væru að auki einhvers konar aðför gegn eðlilegum og daðurskenndum samskiptum kynjanna sem væru nú þrátt fyrir allt svo óskaplega skemmtilegur hluti af lífinu.

Þetta er bæði bull og vitleysa. Þó svo þessir karlar hafi kannski upplifað daðurslega tilburði sína í gegnum tíðina sem heillandi samskipti þá er hætt við að þessar sögur væru ekki þarna ef það hefði verið gagnkvæmt. En það sem verra er þá eru þessar úrtöluraddir líka að reyna að verja menningu sem á alls ekki rétt á sér. Menningu sem undirokar helminginn af mannkyni í krafti kynferðis og lætur sér það í léttu rúmi liggja hvað það er sem konur upplifa sem átroðning, niðurlægingu og virðingarleysi.

Þessar sögur sem sumir hafa þannig viljað afskrifa sem léttvægar og ómerkilegar frásagnir af samskiptum kynjanna eru því mikilvægar í margþættum skilningi. Þær eru órjúfanlegur hluti af þeim veruleika sem konur búa við og þær veita þeim sem hafa þurft að þola verstu tilfellin styrk fjöldans. Þær sýna okkur svo ekki verður um villst að hér er um að ræða heildstætt menningarlegt fyrirbæri en ekki einangruð dæmi yfirgangs og ofbeldis. Það þarf nefnilega ekki að hafa káfað á konu eða nauðgað henni til þess að hafa gengið of langt. Þar af leiðir að þessar sögur eru ómetanlegur lærdómur fyrir alla karlmenn sem vilja með auknum skilningi breyta eigin hegðun og samskiptum við konur til betri vegar og báðum kynjum til góðs.

> **Þó svo þessir karlar hafi kannski upplifað daðurslega tilburði sína í gegnum tíðina sem heillandi samskipti þá er hætt við að þessar sögur væru ekki þarna ef það hefði verið gagnkvæmt.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Er gosið hafið?**

**Undanfarna daga og vikur hafa verið sagðar fréttir af því að ný ríkisstjórn sé í pípunum. Þá hefur einnig verið sagt frá því að Öræfajökull sé að fylla sínar pípur af kviku. Æviskeið beggja fregna hefur verið svipað, allir hlaupa upp til handa og fóta við fyrstu fregnir en eftir því sem á líður hafa æ minni tíðindi borist. Síðustu daga hafa fregnir flestar hljóðað á þann veg að fólk bíði átekta og þetta muni nú skýrast allt á næstunni. Nú stefnir í að ríkisstjórn verði mynduð fyrir vikulok og er aðeins spurning hvort jökullinn muni fara að fordæmi stjórnmálafólksins.**

**Kampavínskommar?**

**Þó að tappinn sé ekki farinn úr jöklinum, þá var einn slíkur dreginn úr freyðivínsflösku í ráðherrabústaðnum í gær. Fulltrúar líklegra ríkisstjórnarflokka, Sjálfstæðis- og Framsóknarmenn auk Vinstri grænna, skáluðu þá fyrir árangri helgarinnar. Það fylgdi sögunni að formenn flokkanna þriggja hefðu ekki vökvað lífsblómið af því tilefni heldur voru það næstinnstu koppar í búri sem lyftu glösum og vættu kverkarnar. Einhvers staðar í þessu samhengi er grín um kampavínskomma. Það bara hlýtur að vera.** joli@365.is

## Áhyggjur á ævikvöldi



Guðjón S. Brjánsson
alþingismaður

Meðal stóru áherslumálanna í síðustu alþingiskosningum voru heilbrigðis- og velferðarmál. Íslendingar eru ung þjóð, yngri en nágrannaþjóðirnar, og stærstur hluti aldraðra er hraustur og heilbrigður og býr á eigin heimili mestan hluta ævinnar. Samt vistast hlutfallslega mun fleiri á hjúkrunarheimilum á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum. Önnur, hagkvæmari og betri úrræði eru fábreyttari. Vissulega þarf bráðaaðgerðir í hjúkrunarþjónustu við aldraða. Það sem þó skiptir höfuðmáli er að heilbrigðis- og velferðarþjónustan verði endurskilgreind.

Vinna þarf að því í verki að gera öldruðum mögulegt að búa við öryggi og lífsgæði á eigin heimili mun lengur en tíðkast hefur. Hinn mikli vandi á íbúðamarkaði tröllríður umræðunni, snertir hag aldraðra með beinum hætti og aðkoma stjórnvalda að þeim þætti er nauðsynleg. Hagkvæmt húsnæði þar sem félagslegt samneyti er tryggt, eftirlit sömuleiðis með heilsufari og öryggi getur ráðið úrslitum um velsæld og heilbrigði, dregið úr einangrun og slysahættu og tafið stofnanavistun um marga mánuði og jafnvel gert slíkt úrræði óþarft. Rannsóknir sýna að aldraðir almennt kjósa að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Nokkur hluti aldraðra býr við sæmileg lífeyriskjör en stór hluti þeirra við afar þröngan kost. Lamandi skerðingar þeirra sem enn vilja leggja sitt af mörkum á vinnumarkaði eru líka fráleitar. Þetta er fjölbreytilegur þjóðfélagshópur sem á margt sameiginlegt. Þannig hafa t.d. flestir gengið að því sem vísu að lífeyrissjóðsgreiðslur á starfsævinni yrðu þeim verulegur búhnykkur á efri árum en orðið fyrir vonbrigðum.

Hið gamalkunna kjörorð „búum öldruðum áhyggjulaust ævikvöld“ er glapsýn. Áhyggjur fylgja mannfólkinu auðvitað alla tíð og aldraðir hafa því áhyggjur eins og annað venjulegt fólk. Það er hins vegar hryggilegt að þjóðin sé svo skammt komin á braut velferðar að hluti eldri borgara skuli enn hafa áhyggjur af framfærslu sinni, hvort þeir eigi til hnífs og skeiðar. Það er ljótur blettur á samfélagi sem vill kenna sig við velferð.

> **Það er hins vegar hryggilegt að þjóðin sé svo skammt komin á braut velferðar að hluti eldri borgara skuli enn hafa áhyggjur af framfærslu sinni.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálssson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Menntun fyrir alla á Íslandi



**Kristján Þór Júlíusson**
mennta- og menningarmálaráðherra

Eitt það mikilvægasta sem hvert samfélag getur boðið börnum og ungmennum er tækifæri til að afla sér vandaðrar menntunar sem setur jafnræði, vandvirkni og framfarir ofar öllu.

Allt frá árinu 2008 hefur menntalöggjöf á Íslandi og aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2011 kveðið á um að stuðla beri að þroska og framförum allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum og einum nám við hæfi. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Í skóla án aðgreiningar er gengið út frá því að allir fái jöfn eða jafngild tækifæri til náms og að námið sé á forsendum hvers einstaklings. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda og lögð er áhersla á að sneiða hjá allri mismunun og aðgreiningu í skólum.

Í þeirri viðleitni mennta- og menningarmálaráðuneytisins að styrkja skólastarf á grundvelli okkar heildstæðu menntastefnu um skóla án aðgreiningar og efla gæðastarf á öllum skólastigum var árið 2015 leitað til Evrópumiðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir með það í huga að gera úttekt á framkvæmd stefnunnar á Íslandi á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Samstarfsaðilar ráðuneytisins í þessari vegferð voru velferðarráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Heimili og skóli og Skólameistarafélag Íslands. Fagna ber sérstaklega þeirri breiðu samstöðu sem myndaðist um þetta mál og skuldbindingu allra aðila til að nýta niðurstöðurnar skólastarfi til framdráttar.

**Í skóla án aðgreiningar er gengið út frá því að allir fái jöfn eða jafngild tækifæri til náms og að námið sé á forsendum hvers einstaklings.**

Evrópumiðstöðin vann að úttektinni árið 2016 í samstarfi við alla þá aðila sem hlut eiga að máli. Úttektarhópurinn var skipaður starfsmönnum miðstöðvarinnar sem höfðu sér til aðstoðar ráðgjafa með sérþekkingu á þessum sviðum. Í mars á þessu ári skilaði Evrópumiðstöðin lokaskýrslu þar sem niðurstöður úttektarinnar voru kynntar og jafnframt var gerð grein fyrir tillögum sem byggðar eru á þeim. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur nú látið þýða lokaskýrsluna á íslensku og er hana að finna á vefsíðu ráðuneytisins.

Niðurstöður úttektarinnar eru teknar saman í sjö meginköflum og er í hverjum þeirra fjallað um eitt þeirra áherslusviða sem voru til skoðunar.

Gleðilegt er að lesa í skýrslunni að flestir sem sinna menntamálum hér á landi deila þeirri skoðun að mikilvægt sé að vinna að menntun án aðgreiningar til að auka efnahagslega og félagslega velferð í landinu. Að stefna beri að því að koma til móts við þarfir allra barna og sjá til þess að þau hafi tækifæri til að spjara sig í menntakerfi sem gerir þeim kleift að ná árangri í námi og tilheyra því samfélagi sem þau lifa í.

Í skýrslunni kemur einnig fram að einn helsti styrkleiki íslenska menntakerfisins er traustur grunnur laga og stefnumótunar sem tekur mið af alþjóðasamningum og sáttmálum er varða réttindi nemenda. Menntakerfið einkennist einnig af lýðræðislegum stjórnarháttum sem breið samstaða er um meðal allra hópa íslensks skólasamfélags.

Er kemur að umfjöllun í skýrslunni um framlög til leik-, grunn- og framhaldsskóla kemur fram að útgjöld til þessara skólastiga eru allmiklu hærri á Íslandi en sem nemur meðaltali OECD-landanna. Þá er Ísland raðað í 3. sæti þeirra 29 landa sem athuguð voru í rannsókn UNICEF á velferð barna (2013).

Þrátt fyrir að fullyrða megi að skóli án aðgreiningar á Íslandi standi á sterkum grunni þá eru mörg mikilvæg verkefni er varða innleiðingu stefnunnar stutt á veg komin eða á eftir að hrinda í framkvæmd. Skýrsla Evrópumiðstöðvarinnar dregur fram á mjög skýran hátt þau verkefni og setur fram tillögur að aðgerðum sem við þurfum að ráðast sameiginlega í á næstu árum sem samfélag, til að byggja upp enn betri menntun fyrir alla.

Stofnaður hefur verið stýrihópur verkefnisins undir forystu mennta- og menningarmálaráðuneytisins með þátttöku fulltrúa allra samstarfsaðila úttektarinnar. Stýrihópurinn vinnur nú að innleiðingu samþykktra aðgerða í fyrsta hluta verkefnisins, sem nær til ársloka 2019, en þá verður lagt mat á hvernig til hefur tekist.

Það er ósk mín að vel takist til við áframhaldandi uppbyggingu á menntun fyrir alla á Íslandi. Til að svo megi verða þurfa allir aðilar máls að kynna sér þær tillögur sem settar eru fram í skýrslu Evrópumiðstöðvarinnar, ræða þær hver á sínum vettvangi og vinna saman að því að koma þeim í framkvæmd, börnum okkar og ungmennum til farsældar.









Söluaðilar:
Ellingsen • Útilíf • Sportver • K Sport • Verslunin Nína • Sportbær • Axel Ó • DanSport
Heildsöludreifing: DanSport ehf • Sundaborg 1 • Sími 5530700



AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR VW

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Volkswagen.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.

Volkswagen

Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu.
Komið, sjáið og sannfærist.

bílson - VERKSTÆÐIÐ -
Kletthálsi 9 • Sími 568 1090
Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is




# Útlendingar og iðnnám



**Níels Sigurður Olgeirsson**
formaður MATVÍS

Það er vont þegar embættismenn og þingmenn eru að flýta sér um of í lagasetningum eins og gert var þegar lög um útlendinga nr. 80/2016 voru samþykkt. Þar var verið að endurskrifa lög um útlendinga og vegna mistaka (skyldi maður ætla) fór orðið iðnnám út eins og sést hér að neðan.

Brottfelld lög frá 1. jan. 2017:

2. mgr. 12. gr. e. laga nr. 96/2002 orðaðist svo:

Fullt nám telst vera 100% samfellt nám á háskólastigi, iðnnám eða það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

Núgildandi lög frá 1. jan. 2017:

15. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 80/2016 orðast svo:

Nám: Samfellt nám á háskólastigi, þ.m.t. nám á háskólastigi sem fram fer á vinnustöðum, eða annað það nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

Þegar greinargerð með frumvarpinu var lögð fram var hvergi minnst á að orðið „iðnnám“ ætti að fara út úr lögunum þannig að umsagnaraðilar áttuðu sig ekki á því og gerðu þar af leiðandi engar athugasemdir við þennan lið 3. greinar í sínum umsögnum.

Voru þetta mistök hjá höfundum þessa frumvarps eða eru þar embættismenn að verki sem bera litla virðingu fyrir iðnnámi eða líta það hornauga sem óæðra nám en háskólanám?

Útlendingastofnun var fljót að átta sig á þessari breytingu og ákvað að framlengja ekki námsmannadvalarleyfi matreiðslunema sem er félagsmaður hjá MATVÍS og ákvað að vísa nemanum úr landi. Það læðist að manni sá grunur að þar á bæ hafi menn vitað að iðnnám ætti að fara út úr nýju lögunum.

Málið var kært til úrskurðarnefndar sem komst að sömu niðurstöðu og Útlendingastofnun. Það vekur furðu hvað þessir aðilar eru fljótir að taka ákvarðanir í þessu máli eins og manni finnst þeir annars vera seinir í sínum ákvarðanatökum.

Það að láta einstakling hafa yfir sér að vera sendur úr landi í lögreglufylgd ef viðkomandi er ekki farinn af landi brott innan 15 daga eftir að úrskurður úrskurðarnefndar liggur fyrir er mjög svo ómanneskjulegt. En lög eru lög.

> **Voru þetta mistök hjá höfundum þessa frumvarps eða eru þar embættismenn að verki sem bera litla virðingu fyrir iðnnámi eða líta það hornauga sem óæðra nám en háskólanám?**

Dómsmálaráðherra hefur boðað að hún muni leggja fram nýtt frumvarp á þingi um leið og nýtt þing kemur saman. Samkvæmt þeim viðbrögðum sem þetta mál hefur fengið hjá þingmönnum þá er ólíklegt annað en að þetta frumvarp fái gott brautargengi. Spurningin er hvort það verði nógu tímanlega svo þessum nema verði ekki vísað úr landi. Vonandi verður það svo og viðkomandi fái að ljúka sínu námi hér á landi og þjóni ferðamönnum sem hingað koma eins og aðrir félagsmenn MATVÍS.

# Ofbeldi í felum



**Sigríður Björk Guðjónsdóttir**
lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu

Eitt af því sem lögreglan heldur vel utan um er hvort fjölgun eða fækkun sé á brotum í ákveðnum brotaflokkum. Einn brotaflokkur sker sig úr að því leyti að við getum ekki reitt okkur á tölur í honum, því þó að fjöldi tilkynntra ofbeldisbrota gegn konum sé meiri en áður, þá er mér til efs að ofbeldið hafi verið minna áður. Það var einfaldlega í felum. Ofbeldi gegn konum hefur ávallt viðgengist. Það er ekki fyrr en nú þegar hugrakkar konur stíga fram og segja frá, að hið mikla umfang ofbeldisins kemur í ljós og ábyrgð gerenda er dregin fram í dagsljósið.

Á síðustu þremur árum hefur tilkynningum vegna heimilisofbeldis fjölgað úr 20 kærum á mánuði að jafnaði í rúmlega 55 kærur að jafnaði. Heimilisofbeldi flokkast sem kynbundið ofbeldi þar sem um 80% þolenda ofbeldisins eru konur. Breytt vinnulag og skráning lögreglu er ein ástæða fyrir fjölgun tilkynninga en einnig aukin umræða um heimilisofbeldi og alvarlegar afleiðingar þess.

Frá því að ég tók við embætti lögreglustjóra árið 2014 hefur rannsókn þessara brota verið sett í forgang. Ný mál eru rannsökuð um leið og útkallið berst, gert er áhættumat og öllum tiltækum úrræðum beitt til að tryggja öryggi þolenda og aðstandenda. Þá eru sveitarfélögin nú komin í náið samstarf við lögreglu og veita þolendum og fjölskyldum þeirra aðstoð. Félagsráðgjafi kemur á vettvang og einnig barnaverndarstarfsmaður, séu börn á heimilinu. Gerendum er einnig boðin aðstoð og þannig er reynt að rjúfa vítahring ofbeldis.

Annað dæmi um kynbundið ofbeldi er kynferðisbrot, þar sem yfirgnæfandi meirihluti fórnarlamba slíkra brota eru konur. Afleiðingar kynferðisbrota eru víðtækar og alvarlegar og sem betur fer heyrist rödd þolenda nú hærra en áður fyrr. Skömminni er æ oftar skilað til síns heima.

Ýmislegt jákvætt hefur leitt af þessu. Sérstök aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota hefur verið sett saman af dómsmálaráðuneytinu. Er hún nú til umsagnar en verður vonandi innleidd á næstu vikum. Lögregluembætti á landinu öllu hafa gripið til margvíslegra aðgerða til að styrkja málsmeðferð kynferðisbrota, til að mynda með aukinni þjálfun rannsóknarlögreglumanna. Þá hefur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu styrkt málaflokkinn, til dæmis með ráðningu fleiri lögreglumanna til að rannsaka þessi brot.

Aftur er um að ræða ofbeldi sem er í felum og við erum þess vegna stolt af því að tilkynningum um kynferðisbrot til lögreglu hafi fjölgað um rúmlega 40% á milli ára. Við erum ánægð með að fá þessi brot oftar inn til okkar vegna þess að það er algjörlega óviðunandi að þrefalt fleiri leiti til Neyðarmóttöku vegna kynferðisbrota heldur en til lögreglu.

**Þverfagleg nálgun fyrir þolendur**

Í báðum þessum mikilvægu brotaflokkum, kynferðisbrotum og heimilisofbeldi, hefur verið leitast við að nálgast málið út frá þörfum þolenda. Þannig varð Bjarkarhlíð til dæmis til sem móttökumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis, en tilgangur hennar er að bjóða upp á þverfaglega nálgun fyrir þolendur og umhverfi sem er vinsamlegra þolendum. Bjarkarhlíð hefur sannað gildi sitt á þeim örfáu mánuðum sem hún hefur verið starfrækt, en þangað leitar fólk sem hefði ekki leitað í önnur úrræði.

Nýleg rannsókn sýnir að mikill munur sé á öryggistilfinningu karla og kvenna í miðborginni eftir myrkur og um helgar. Varnarleysi er sá áhrifaþáttur sem virðist hafa mest áhrif á óöryggi, sérstaklega hjá konum. Þessi skýring er ekki ný af nálinni en þar sem öryggistilfinning hefur ekki verið skoðuð með þessum hætti áður hér á landi

> **Ofbeldi gegn konum hefur ávallt viðgengist. Það er ekki fyrr en nú þegar hugrakkar konur stíga fram og segja frá, að hið mikla umfang ofbeldisins kemur í ljós og ábyrgð gerenda er dregin fram í dagsljósið.**

þá sjáum við hversu stór þáttur varnarleysið er í hinum mikla kynjamun á öryggisupplifun fólks í miðborginni. Í rannsókninni sögðust konur í mun meira mæli en karlar hafa hegðað sér meðvitað á ákveðinn hátt til að tryggja öryggi sitt.

Það er sem betur fer búið að taka tappann úr stíflunni á síðustu árum og umræðan um heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi er nú rækilega á dagskrá. Bæði karlar og konur hafa fengið nóg. Hvers vegna líðst kynbundið ofbeldi enn á Íslandi þrátt fyrir góða stöðu landsins í jafnréttismálum?

Reynsla okkar hjá lögreglunni er sú að með því að nálgast aðra í málaflokknum og vinna saman þvert á kerfi og með því að hlusta á væntingar og reynslu þolenda sé hægt að breyta mjög miklu. Það þarf að halda áfram að opna umræðuna, auka fræðslu og sporna gegn neikvæði kynjamenningu og klámvæðingu. Við trúum að með þessum aðferðum þá sé hægt að ná verulegum árangri í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og skapa betra og heilbrigðara samfélag fyrir komandi kynslóðir. Orð eru vissulega til alls fyrst, en við þurfum líka að láta verkin tala.


Gleðileg jól!
Jólaísinn frá Kjörís er hreint út sagt ómótstæðilegur.
Í ár hringjum við inn hátíð ljóss og friðar með hátíðarís
með karamellusnúningi. Það er góður siður að gera sér
dagamun yfir jólin með ábætisrétti að lokinni máltíð –
eða með örlitlu góðgæti eftir annasaman dag. Hvort
sem þú kýst heldur, þá er alltaf tími fyrir jólaís.
JÓLAÍS
með karamellu
Kjörís




Tryggvi Snær Hlinason er aðeins tvítugur en á að baki 24 A-landsliðsleiki fyrir Ísland. Hann er bjartsýnn á möguleikana gegn Búlgaríu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Græði meira með landsliðinu

**KÖRFUBOLTI** Ísland mætir Búlgaríu í öðrum leik liðsins í undankeppni HM 2019 í körfubolta í Laugardalshöll í kvöld. Fyrsti leikur undankeppninnar tapaðist gegn Tékkum ytra á föstudaginn. Tryggvi Snær Hlinason fékk ekki að spila með íslenska landsliðinu í þeim leik, en lið hans Valencia hleypti honum ekki í leikinn vegna þátttöku liðsins í Euroleague.

Alþjóðakörfuboltasambandið, FIBA, er í hálfgerðu stríði við forráðamenn Euroleague. Deildin er óháð FIBA og er gagngert að setja leikdaga sína þegar FIBA setur landsleikjahlé, að því virðist til þess að koma í veg fyrir að þeir bestu spili með landsliðum sínum. Tryggvi Snær lenti á milli í þessu stríði, en hvernig upplifði hann það? „Ég hef lítil áhrif á þetta þannig, er bara á hliðarlínunni og stíg upp ef ég er beðinn um að standa upp,“ sagði Tryggvi á æfingu landsliðsins í Laugardalshöll í gær. „Það er leiðinlegt að lenda á milli í þessu stríði. Þetta eru tvær stóru körfuboltahliðarnar og ef þeir eru að rífast þá er það eina sem maður getur gert að sitja og vona það besta. Vona að KKÍ og Valencia geti græjað þetta fyrir mann og geta tekið þátt. Það er alltaf skemmtilegt að taka þátt og geta hitt Íslendingana.“

Það fór svo að Tryggvi kom ekkert við sögu í leik Valencia á fimmtudagskvöldið. Hann vildi þó ekki meina að það gerði það sárara að hafa ekki fengið að taka þátt í landsliðsverkefninu. „Það eru margar hliðar á þessu. Það yrði frekar rangt að hleypa mér en engum öðrum. Það var helsta vandamálið. Þeir ákváðu eftir að hafa fundað um þetta að hleypa mér þar sem ég missi ekki af neinum leikjum. Ég missi af einhverjum 2-3 æfingum, sem er leiðinlegt, en þeir ákváðu að hleypa mér og telja að ég geti grætt meira á því að spila hér með landsliðinu þar sem ég get tekið meiri þátt,“ sagði Norðlendingurinn efnilegi.

„Ég er bara spenntur,“ sagði Tryggvi aðspurður um hvernig honum lítist á leik kvöldsins. „Spennandi að taka leik hérna á Íslandi fyrir framan alla áhorfendurna, vonandi verða sem flestir. Það er heiður að fá að spila fyrir Ísland.“

Búlgarar töpuðu naumlega gegn Finnum, 80-82, á föstudag. Finnar eru með sterkt lið og unnu Íslendinga eftirminnilega á Eurobasket fyrr í haust. Því má búast við hörkuleik í Laugardalshöll í kvöld. Tryggvi var þó ekki í vafa um að íslenska liðið ætti möguleika á sigri. Hann sagði lykilinn að sigrinum vera baráttuna. „Við þurfum að spila eins og við setjum leikinn upp. Eins og vanalega þá erum við „underdogs“, við erum alltaf minna liðið. Við þurfum að vinna okkur upp og vera ákveðnari en hitt liðið. Rífa niður fráköstin og skjóta eins og það sé enginn morgundagur,“ sagði Tryggvi Snær Hlinason.

**astrosyr@365.is**

## SÖGULEGUR ÁRANGUR

Snorri Einarsson gerði frábært mót á Heimsbikarmóti í skíðaíþróttum í Ruka í Finnlandi um helgina. Snorri hafnaði í 22. sæti í 15 km skíðagöngu. Þetta er besti árangur Íslendings síðan Kristinn Björnsson var upp á sitt besta. Hann kórónaði svo helgina með því að verða í 27. sæti í eltigöngu með frjálsri aðferð. Snorri er sem stendur í 34. sæti heildarstigalista Heimsbikarsins.



## DÓMARAHNEYKSLI Í SLÓVAKÍU

FH tapaði með þremur mörkum fyrir Tartan Preson í fyrri leik liðanna í þriðju umferð EHF-bikarsins í Slóvakíu um helgina.

Lokatölur urðu 24-21, en í stöðunni 22-20 var löglegt mark dæmt af Óðni Þór Ríkharðssyni og í staðinn fyrir að minnka muninn í eitt mark komust Slóvakarnir í þriggja stiga forystu.

Einar Rafn Eiðsson var markahæstur í liði FH með átta mörk. Næstur kom Arnar Freyr Ársælsson með fjögur.

Seinni leikurinn í einvígi liðanna fer fram í Kaplakrika um næstu helgi, laugardaginn 2. desember.

**SJÚKT. Staðan 22-20 Óðinn stekkur 30 cm frá teignum og þeir dæma LÍNU !!!!!! HA. endursýnt. Ég er hættur að horfa á handbolta. Get ekki svona meira. Þetta fyllti mælinn. Lína þegar það er ekki lína!!!!**

Logi Geirsson
**@logigeirsson**

## EYJAMENN ÁFRAM Í EVRÓPU

ÍBV verður í pottinum þegar dregið verður til 16 liða úrslita í Áskorendabikar Evrópu. Liðið sigraði lið HC Gomel frá Hvíta-Rússlandi örugglega í seinni leik liðanna í þriðju umferðinni í Vestmannaeyjum um helgina.

Lokatölur í leiknum voru 32-27, en ÍBV leiddi 18-11 í hálfleik. Sigurbergur Sveinsson var atkvæðamestur í liði ÍBV með níu mörk.




CYBER
MONDAY
EPSON
PREDATOR
steelseries
10-30 % AFSLÁTTUR
24 TÍMAR - AÐEINS Á TL.IS !
tl.is
TÖLVU
LISTINN

Premier League

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 13. umferðar 2017-18**

**West Ham - Leicester 1-1**
0-1 Marc Albrighton (8.), 1-1 Manuel Lanzini (45.).

**Crystal Palace - Stoke 2-1**
0-1 Xherdan Shaqiri (53.), 1-1 Ruben Loftus-Cheek (56.), 2-1 Mamadou Sakho (90+2.).

**Man. Utd. - Brighton 1-0**
1-0 Lewis Dunk, sjálfsmark (66.).

**Newcastle - Watford 0-3**
0-1 Will Hughes (19.,) 0-2 DeAndre Yedlin, sjálfsmark (45+1.), 0-3 Andre Gray (62.).

**Swansea - Bournemouth 0-0**

**Tottenham - West Brom 1-1**
0-1 Salomon Rondon (4.), 1-1 Harry Kane (74.),

**Liverpool - Chelsea 1-1**
1-0 Mohamed Salah (65.), 1-1 Willian (85.).

**Southampton - Everton 4-1**
1-0 Dusan Tadic (18.), 1-1 Gylfi Þór Sigurðsson (45.), 2-1 Charlie Austin (52.), 3-1 Charlie Austin (58.), 4-1 Steven Davis (87.).

**Burnley - Arsenal 0-1**
0-1 Alexis Sanchez, víti (92.).

**Huddersfield - Man. City 1-2**
1-0 Nicolás Otamendi, sjálfsmark (45+1.), 1-1 Sergio Agüero, víti (47.), 1-2 Raheem Sterling (84.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man. City | 13 | 12 | 1 | 0 | 42-8 | 37 |
| Man. Utd. | 13 | 9 | 2 | 2 | 28-6 | 29 |
| Chelsea | 13 | 8 | 2 | 3 | 24-11 | 26 |
| Arsenal | 13 | 8 | 1 | 4 | 23-16 | 25 |
| Tottenham | 13 | 7 | 3 | 3 | 21-10 | 24 |
| Liverpool | 13 | 6 | 5 | 2 | 25-18 | 23 |
| Burnley | 13 | 6 | 4 | 3 | 12-10 | 22 |
| Watford | 13 | 6 | 3 | 4 | 22-21 | 21 |
| Brighton | 13 | 4 | 4 | 5 | 13-14 | 16 |
| S'ton | 13 | 4 | 4 | 5 | 13-15 | 16 |
| Huddersf. | 13 | 4 | 3 | 6 | 9-19 | 15 |
| Leicester | 13 | 3 | 5 | 5 | 17-19 | 14 |
| B'mouth | 13 | 4 | 2 | 7 | 11-14 | 14 |
| Newcastle | 13 | 4 | 2 | 7 | 11-17 | 14 |
| Stoke | 13 | 3 | 4 | 6 | 16-26 | 13 |
| Everton | 13 | 3 | 3 | 7 | 13-28 | 12 |
| West Brom | 13 | 2 | 5 | 6 | 10-19 | 11 |
| West Ham | 13 | 2 | 4 | 7 | 12-26 | 10 |
| Swansea | 13 | 2 | 3 | 8 | 7-15 | 9 |
| C. Palace | 13 | 2 | 2 | 9 | 8-25 | 8 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum á Englandi**

Everton

**Gylfi Þór Sigurðsson**
Skoraði eina mark Everton sem steinlá fyrir Southampton. Þetta var fyrsta mark Gylfa í deildinni á tímabilinu.

Burnley

**Jóhann Berg Guðm.**
Var með bestu mönnum vallarins í tapi gegn Arsenal og átti besta færi Burnley í leiknum.

Cardiff City

**Aron Einar Gunnarsson**
Var ekki með í 0-2 sigri á Nottingham Forest vegna meiðsla.

Reading

**Jón Daði Böðvarsson**
Kom inn á 73. mínútu í markalausu jafntefli við Sheffield Wednesday.

Aston Villa

**Birkir Bjarnason**
Var ekki í leikmannahóp Aston Villa sem sigraði Ipswich Town 2-0.

Bristol City

**Hörður B. Magnússon**
Spilaði allan leikinn í ótrúlegum 2-3 endurkomusigri á Hull City.



Gylfi Þór Sigurðsson skoraði sitt fyrsta mark fyrir Everton í ensku úrvalsdeildinni þegar hann jafnaði metin á síðustu mínútum fyrri hálfleiks í leik liðsins geg
aftur í stöngina og að lokum í netið. Þetta var aðeins annað mark Gylfa á tímabilinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Draumamark Gylfa í miðri martr

Gylfi Þór Sigurðsson skoraði glæsilegt mark fyrir Everton gegn Southampton í gær. Það dugði skammt því að stjór

**FÓTBOLTI** Í dag eru nákvæmlega fimm vikur síðan Ronald Koeman var látinn taka pokann sinn hjá Everton eftir 2-5 tap fyrir Arsenal á Goodison Park. Nú, fimm vikum síðar, er staða Everton engu skárri. Liðið er enn stjóralaust og tapar hverjum leiknum á fætur öðrum.

Í síðustu tveimur leikjum hefur Everton mátt þola auðmýkjandi töp fyrir Atalanta og Southampton. Ítalirnir komu á Goodison Park í Evrópudeildinni á fimmtudaginn og fóru heim með 1-5 sigur í farteskinu. Og í gær rúllaði Southampton yfir Everton, 4-1, á velli heilagrar Maríu.

Gylfi Þór Sigurðsson skoraði mark Everton og það var af dýrari gerðinni. Íslenski landsliðsmaðurinn lék þá á tvo varnarmenn Southampton og skaut boltanum í slána, stöngina, aftur í slána og inn og jafnaði metin í 1-1 á lokamínútu fyrri hálfleiks.

**Aldrei séð svona mark**

„Ég hef aldrei séð mark þar sem boltinn fer þrisvar sinnum í tréverkið áður en hann fer inn. Þvílíkt mark," skrifaði Southampton-hetjan Matt Le Tissier á Twitter. Það er maður sem veit sitthvað um falleg mörk enda skoraði hann þau nokkur á sínum tíma.

Mark Gylfa, sem var hans fyrsta fyrir Everton í ensku úrvalsdeildinni, var þó aðeins plástur á sárið því Southampton var miklu sterkari aðilinn í leiknum í gær. Hálfleikstölurnar gáfu alls ekki rétta mynd af gangi mála.

Dusan Tadic kom Southampton yfir á 18. mínútu eftir frábæra

## Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Tvær mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma þegar Mamadou Sakho skoraði sigurmark Crystal Palace gegn Stoke á Selhurst Park. Undir stjórn Roys Hodgson hefur Palace rétt úr kútnum og er nú aðeins þremur stigum frá öruggu sæti.

**Hvað kom á óvart?**
Stjóralaust lið West Brom fór á Wembley og náði í stig gegn Tottenham. Gary Megson stýrði West Brom á laugardaginn og teiknaði upp sterkan varnarleik sem Tottenham átti í miklum vandræðum með að brjóta niður. Harry Kane skoraði á endanum en West Brom getur vel við stigið unað.

**Mestu vonbrigðin**
Everton fær þennan titil enn og aftur. Eftir frábært jöfnunarmark Gylfa Þórs Sigurðssonar rétt fyrir lok fyrri hálfleiks voru vonir um að Everton næði að rétta úr kútnum. Liðið spilaði hins vegar hrikalega illa og var komið tveimur mörkum undir þegar korter var liðið af seinni hálfleik.

## Leikmaður helgarinnar




Raheem Sterling var maðurinn á bak við sigur Manchester City á nýliðum Huddersfield. Sterling fiskaði vítaspyrnuna sem Sergio Aguero jafnaði leikinn úr þegar seinni hálfleikur var nýhafinn og hann skoraði svo sigurmarkið á 84. mínútu. Sterling var besti maður vallarins á John Smith's leikvanginum í Huddersfield og með sigurmarkinu minnka vonir nágrannanna í Manchester United um að hægt sé að ná í hælana á City liðinu. Mark Sterlings var hans áttunda í ensku úrvalsdeildinni á tímabilinu og tólfta í öllum keppnum. Englendingurinn er nú þegar búinn að ná sínum besta árangri í markaskorun og eru aðeins átján leikir búnir af tímabilinu, en hann hefur aldrei áður skorað meira en 11 mörk á tímabili.

skyndisókn og sendingu Ryans Bertrand sem átti skínandi góðan leik eins og hinn bakvörðurinn, Cédric Soares.

Bertrand lagði upp annað mark heimamanna fyrir Charlie Austin á 52. mínútu. Sex mínútum síðar skoraði Austin nánast alveg eins mark, með skalla eftir fyrirgjöf frá vinstri. Þremur mínútum fyrir leikslok skoraði Steven Davis, fyrirliði Southampton, svo fjórða markið með góðu skoti.

Dýrlingarnir eru vel spilandi en oftast nær mjög bitlausir. Fyrir leikinn í gær var liðið aðeins búið að skora níu mörk í 12 deildarleikjum. Stíflan brast hins vegar gegn Everton sem hefur nú fengið á sig 28 mörk í ensku úrvalsdeildinni, flest allra liða.

**Hræðilegur varnarleikur**

Everton hefur ekki náð að fylla skarðið sem Romelu Lukaku skildi eftir sig í framlínunni. Það er slæmt en til að bæta gráu ofan á svart kann liðið ekki lengur að verjast.

Phil Jagielka og sérstaklega Ashley Williams hafa elst hratt, Michael Keane hefur valdið vonbrigðum eftir að hafa komið frá Burnley

# Fólk
Menning

MÁNUDAGUR 27. NÓVEMBER 2017






# Lýsa upp myrkrið

Íslandsdeild Amnesty International og Serious Business Agency standa fyrir gagnvirkri ljósainnsetningu á Hallgrímskirkju dagana 1. til 5. desember. Markmiðið er að vekja athygli á stærsta árlega mannréttindaviðburði í heimi. →2












Lýsum upp myrkrið: Magnús Sigurjón Guðmundsson, Bryndís Bjarnadóttir, Torfi Geir Jónsson, Anna Lúðvíksdóttir og Anna Dóra Valsdóttir. MYND/ERNIR

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



**Framhald af forsíðu**

Íslandsdeild Amnesty International og hugmyndastofan Serious Business Agency standa í sameiningu fyrir gagnvirkri ljósainnsetningu á Hallgrímskirkju dagana 1. til 5. desember. Innsetningin ber nafnið Lýsum upp myrkrið og hefur það markmið, að sögn Bryndísar Bjarnadóttur herferðastjóra Íslandsdeildar Amnesty International, að vekja athygli á stærsta árlega mannréttindaviðburði í heimi sem kallast Bréf til bjargar lífi. „Þá fáum við hundruð þúsunda einstaklinga víða um heim til að grípa til aðgerða vegna einstaklinga og hópa sem sæta grófum mannréttindabrotum og þrýsta á stjórnvöld að gera umbætur. Aðalstöðvar Amnesty International velja árlega 10 til 12 mál einstaklinga og hópa sem beittir eru grófum órétti og deildir samtakanna í yfir 150 löndum og landsvæðum hvetja almenning til að grípa til aðgerða vegna þeirra. Í ár berjumst við fyrir tíu einstaklinga og hópa, allt baráttufólk fyrir mannréttindum, sem brotið er gegn en mannréttindabrot gegn mannréttindafrömuðum færast stöðugt í aukana um allan heim.“

## Gagnvirk þátttaka

Þeir sem koma á ljósainnsetninguna geta tekið þátt í Bréf til bjargar lífi á gagnvirkan hátt, segir Bryndís. „Um leið og þeir taka þátt við Hallgrímskirkju og skrifa undir þessi tíu mál birtist nafn þeirra sem hluti af ljósainnsetningunni og logi á kerti sem varpað er á kirkjuna magnast. Þannig halda þeir sem taka þátt í ljósainnsetningunni loganum lifandi.“

Aðalmarkmið er hins vegar að fá fólk til að skrifa undir á vefsíðunni amnesty.is. „Það er mjög auðvelt og þægilegt að lesa þar upplýsingar um málin tíu og skrifa undir þau öll í einu. En þessi alþjóðlega samstaða og þrýstingur hundraða þúsunda um heiminn allan skiptir sköpum fyrir þá sem við vinnum fyrir. Og hann hefur áhrif. Við sjáum það á hverju ári að þetta getur skipt sköpum í lífi fólks. Samviskufangi er leystur úr haldi, fangi á dauðadeild er náðaður, pyndari er sóttur til saka og ómannúðlegri löggjöf er breytt.“

## Spenna fram undan

Hugmyndin að ljósainnsetningunni varð til í samstarfi við hugmyndastofuna Serious Business Agency sem staðsett er í München. „Þar áttum við fund með Helgu Ósk Hlynsdóttur, gleðigjafa og andlegum leiðtoga hugmyndastofunnar. Undirbúningurinn er í fullum gangi og þetta er allt að taka á sig lokamynd. Við erum mjög spennt að upplifa þetta verða að veruleika.“

Hún segir starfsmenn Íslandsdeildarinnar hafa sterka trú á verkefninu og að almenningur eigi eftir að leggja herferðinni Bréf til bjargar lífi lið sem verkefninu er ætlað að vekja athygli á. „Því hvetjum við alla til að grípa til aðgerða og þrýsta á stjórnvöld í máli þessara einstaklinga og hópa með því að mæta að Hallgrímskirkju dagana 1. til 5. desember milli kl. 17 og 22 eða með því að fara á amnesty.is og skrifa undir málin tíu.“

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

**Sigurður Samúelsson** Lögg. fast. og eigandi sigurdur@landmark.is sími 896 2312

**Þórarinn Thorarensen** Sölustjóri og eigandi th@landmark.is sími 770 0309

[illegible]

**Andri Sigurðsson** Lögg. fast. og eigandi andri@landmark.is sími 690 3111

**Sveinn Eyland** Lögg. fast og eigandi sveinn@landmark.is sími 690 0820

**Kristján Ólafsson** Löggiltur fast. kol@landmark.is sími 512 4900

**Nadia Katrín Banine** Löggiltur fast. nadia@landmark.is sími 692 5002

**Benedikt Ólafsson** Í námi til lögg. /eigandi bo@landmark.is sími 661 7788

**Ingibjörg A. Jónsdóttir** Löggiltur fast. inga@landmark.is sími 897 6717

**Eggert Maríuson** Í námi til löggildingar eggert@landmark.is sími 690 1472

**Jóhanna Gustavsdóttir** Í námi til löggildingar johanna@landmark.is sími 698 9470

**Helga Snorradóttir** Skrifstofa/skjalavinnsla landmark@landmark.is sími 512 4900

**Guðrún D. Lúðvíksdóttir** Skrifstofa/ í námi til lögg. gudrun@landmark.is sími 512 4900

**Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir** Löggiltur fast. asdis@landmark.is sími 895 7784

LANDMARK / SMÁRINN | Hlíðasmára 2 | 201 Kópavogur | Sími 512 4900 | www.landmark.is

LANDMARK SMÁRINN
Sameinumst og eflum liðsheild með aukinni reynslu og þekkingu



MIÐBORG fasteignasala

**Ert þú í söluhugleiðingum?**
Við erum til þjónustu reiðubúin

Heiðrún Björk Gísladóttir – Löggiltur fasteignasali og HDL.
Björn Þorri Viktorsson – Löggiltur fasteignasali og HRL.
Elín Viðarsdóttir – Löggiltur fasteignasali
Jóhann Örn B. Benediktsson – Skrifstofu- og fjármálastjóri

Miðborg fasteignasala • Sundagarðar 2 • 104 Reykjavík • Sími: 533 4800
www.midborg.is

-örugg fasteignaviðskipti



BERG FASTEIGNASALA

**Háholt 14, Mosfellsbær**
- Sími: 588 5530
- berg@berg.is - www.berg.is
- GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
*petur@berg.is*


# Falleg hæð í Hlíðunum

Heimili fasteignasala kynnir í einkasölu: Skaftahlíð 13 – mikið endurnýjuð efri sérhæð ásamt risi. Þrennar svalir.


**Heimili, fasteignasala er með hæð til sölu við Skaftahlíð. Hæðin hefur verið mikið endurnýjuð.**

Eignin skiptist í hæðina sem er 146,8 fm, risið sem er 16,8 fm og bílskúrinn sem er 23,1 fm. Sérinngangur er inn í íbúðina og er gengið upp stiga með kókosteppi. Komið er inn í stórt og bjart hol með góðum fataskápum, gengið út á svalir í vestur. Stór og björt stofa, við hlið stofunnar er stór borðstofa með útgengi á svalir í suður. Falleg frönsk hurð skilur að stofurnar. Rúmgott bjart eldhús með fallegri hvítri innréttingu og góðri borðaðstöðu. Við hliðina á eldhúsinu er lítið þvottahús.

Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, falleg innrétting, hornbaðkar með innbyggðum sturtuhaus yfir. Stórt hjónaherbergi með stórum skápum, útgengi á svalir í austur.

Tvö barnaherbergi með fataskápum. Gólf á hæðinni eru að mestu lökkuð. Úr holinu er bráðabirgðastigi upp í risið sem er um það bil tilbúið til innréttinga, þar er hol, tvö herbergi og geymsla. Risið hefur marga notkunarmöguleika og er nýtanlegur gólfflötur mun stærri en skráðir fermetrar. Eigninni fylgir bílskúr.

Lagður hefur verið hiti í gólfin á hæðinni. Skipt var um allt rafmagn og rofa á hæðinni og einnig sett ný rafmagnstafla. Baðherbergi allt endurnýjað. Eldhús og tæki endurnýjuð. Settir nýir fataskápar og innihurðir. Lagðar lagnir fyrir nýtt baðherbergi í risi. Búið að endurnýja frárennsli út í brunn. Gler endurnýjað að hluta. Dren endurnýjað við húsið. Húsið múrviðgert að utan. Ljósleiðari er kominn í húsið.

Frekari upplýsingar veitir Finnbogi Hilmarsson, fasteignasali, finnbogi@heimili.is


heimili fasteignasala – á traustum grunni

Bogi Pétursson, lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson, lögg. fasteignasali
Guðbjörg G. Blöndal, lögg. fasteignasali
Jón Bergsson, hdl. og lögg. fasteignasali
Brynjólfur Snorrason, lögg. fasteignasali
Gunnlaugur A. Björnsson, lögg. fasteignasali
Ásdís Írena Sigurðardóttir, Skrifstofustjóri
Hafdís Una Guðnýjardóttir, lögfræðingur

FÉLAG FASTEIGNASALA
Finndu okkur á Facebook



**Bústaðarvegur - Neðri sérhæð**
Falleg 3-4 herbergja 85 fm. íbúð á 1. hæð í tvíbýli við Bústaðaveg, sérinngangur. Góður garður og sólpallur. Gæludýr leyfð, góð staðsetning.
Upplýsingar gefur Gunnlaugur 617 5161.



**Fálkagata 22 - 6 herb. með sér inngangi.**
Falleg um 150 fm íbúð á tveimur hæðum með 5 herb. Á neðri hæð eru 3 herb., stofa, eldhús og baðherb. Á efri hæð eru 2 herb. og snyrting. Efri hæðin er að hluta til undir súð og nýtanlegir fm því fleiri en uppgefinn fm fjöldi gefur til kynna.
Nánari uppl. veitir Brynjólfur, S: 896-2953.



**Miklabraut 72 - 2ja herb.**
Töluvert endurnýjuð um 65 fm íbúð á 1. hæð. Íbúðin snýr að stærstum hluta frá Miklubraut í suður. Rúmgott herbergi og björt suður stofa. Nýlegt eldhús og tæki. Íbúðin er laus strax.
**Opið hús í dag frá kl. 17:15 - 17:45.**
Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.



**Kóngsbakki 2, 3ja herbergja.**
Vel skipulögð og björt 87 fm þriggja herbergja íbúð á annari hæð með stórum suðursvölum. Þvottahús innan íbúðar. Mjög snyrtileg sameign. Rúmgóð geymsla í sameign. **Verð 33,7 millj.**
Nánari upplýsingar gefur Jón í síma 777-1215.
**Opið hús á morgun þriðjudag frá kl. 17:15-17:45.**



**Lindargata - 4 - 5 herb.**
Falleg 4-5 herb. 117,7 fm íbúð á tveimur hæðum. Á efri hæð eru tvær stofur, eldhús, baðherb.& rúmgott herb. og á þeirri neðri er gott hol, tvö góð herb. og gestabað. Eigninni fylgir fallegur garður, sérstæður bílskúr og sér bílastæði.
**Opið hús í dag kl. 16:30 - 17:00.**
Nánari uppl. veitir Brynjólfur, 896-2953.



**Dalaland 7 - 3 herb**
Falleg 3ja herbergja íbúð með stórum svölum til suðurs og útsýni á þessum eftirsótta stað í Fossvogi. Stutt í barna- og leikskóla ásamt verslun, þjónustu, gönguleiðum og íþróttaaðstöðu. Laus við kaupsamning.
Nánari uppl. veitir Hafdís Una, 6998217.
**Opið hús í dag kl 17:15-17:45.**



**Efstasund - Efri sérhæð**
Hér er tækifæri! Efri sérhæð og ris í tvíbýlishúsi ásamt möguleika á bílskúr. Húsið stendur á stórri lóð fyrir ofan götu. Eignin þarfnast lagfæringa að innan sem utan. **V. 39,5m.**
**Opið hús í dag kl 17:00 - 17:30.**
Uppl veitir Bogi 6993444.



**Framnesvegur - 3ja herb.**
Björt og notarleg 53 fm risíbúð í gamla Vesturbænum. 1-2 svefnherbergi og bjartar stofur með útgang á svalir í suður. Getur losnað fljótlega.
**V. 34,9 m.**
Uppl. veitir Bogi 6993444.



**Bragagata 33 Sérbýli**
Gott um 130 fm sérbýli með miklum möguleikum, 2 hæði auk óskráðum kjallara og ris. 5-6 herbergi, möguleiki að skipta eigninni niður, góður garður. Upplýsingar gefur Gunnlaugur s. 617 5161.
**Verð 62 millj.**
**Opið hús á morgun Þriðjudag milli 17:15 og 17:45.**



**Reiðvað 7 - 4ra herb. Laus íbúð - Pantið skoðun**
Við kynnum til sölu 4ra herbergja bjarta endaíbúð á efstu hæð. Stórar hellulagðar svalir, aukin lofthæð og mikið útsýni. Eignin er með sérinngangi og henni fylgir stæði í bílskýli.
Laus til afhendingar.
Pantið skoðun á skrifstofu.

**530 6500** Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is **530 6500**

**Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá**
**- Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.**


**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**
**Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is**
**Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali**
**Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali**

Framúrskarandi fyrirtæki 2014–2016


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is


Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is


Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is


## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Blómvellir 6 – Hafnarfirði. Glæsilegt einbýlishús.




**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**
Glæsilegt arkitektateiknað 201,1 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innb. 26,6 fm. bílskúr. Allar innréttingar eru hvítar sprautulakkaðar og úr rauðeik. Gólfefni eru Mustang flísar og massívt parket úr rauðeik. Allar innihurðir extra háar. Mikið er lagt í lýsingu og rafkerfi hússins. Glergólf er á stigapalli og að hluta til í hjónaherbergi. Gólfsíðir gluggar í stofum, eldhúsi og að hluta til á efri hæð hússins. Aukin lofthæð er á báðum hæðum hússins. Húsið stendur á 437,5 fm. lóð með harðviðar veröndum, skjólveggjum og hellulagðri innkeyrslu og stétt. Þaksvalir eru út af efri hæð hússins. **Húsið er teiknað að innan og utan af Gunnari Páli Kristinssyni arkitekt hjá RÝMA arkitektum. Laus til afh. við kaupsamning.**

**Verð 74,9 millj.**

### Staðarsel 5. Vel staðsett einbýlishús við opið svæði.




**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**
Virkilega fallegt og mikið endurnýjað 231,4 fm. einbýlishús á þremur pöllum með mjög rúmgóðum íbúðarherbergjum á neðsta palli með sjónvarpsholi og baðherbergi, sem hægt væri að nýta sem aukaíbúð. Húsið var mjög mikið endurnýjað hið innra árið 2009. Þá var m.a. efsti pallur algjörlega endurnýjaður með nýju og vönduðu sérsmíðuðu eldhúsi, nýjum gólfefnum og nýrri gestasnyrtingu og baðherbergi. Rúmgóð stofa með arni. Borðstofa með útgengi á verönd. Sjónvarpsstofa. Fjögur svefnherbergi. **Eignin stendur á frábærum stað innst í götu við opið svæði við Staðarsel. Tyrfð baklóð og stórar og skjólsælar verandir auk fallegs gróðurs.**

**Verð 79,9 millj.**

### Seljavegur 15. 3ja herbergja íbúð. Laus strax.




**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**
Vel skipulögð 83,0 fm. íbúð á 2. hæð að meðt. sér geymslu og með sameiginlegum inngangi í þríbýlishúsi við Seljaveg. Samliggjandi rúmgóðar stofur með stórum gluggum til suðurs. Einfalt að nýta aðra stofuna sem svefnherbergi. Nýleg gólfefni eru á íbúðinni og rafmagnstafla og raflagnir hafa verið endurnýjaðar. Baðherbergi endurnýjað fyrir um 2 árum síðan og eldhús er endurnýjað að hluta. Ljósleiðari er tengdur í íbúð. Afar fallegt útsýni til norðurs út á sundin.

**Verð 38,5 millj.**

### Sogavegur 101. Efri sérhæð ásamt bílskúr.




**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.15 – 18.45**
Björt og falleg 178,5 fm. 5-6 herbergja efri sérhæð að meðt. 28,8 fm. bílskúr í fjórbýlishúsi á við Sogaveg. Hæðin er vel skipulögð með stórum gluggum sem einkenna hæðina. Tvö baðherbergi eru á hæðinni. Fjögur rúmgóð svefnherbergi, möguleiki á fimmta herberginu. Rúmgóðar suðvestursvalir. Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð m.a. nýlega sprautulökkuð innrétting í eldhúsi, dregið nýtt rafmagn og gestasalerni endurnýjað. Gólf eru með sjónfloti. Góð aðkoma er að bílskúr og húsinu frá lokuðum botnlanga við Rauðagerði.

**Verð 64,9 millj.**

### Grandavegur 47. 3ja herbergja útsýnisíbúð á 8. hæð ásamt bílskúr.




**Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 18.15 – 18.45**
Virkilega falleg og vel skipulögð 114,8 fm. íbúð með glæsilegu útsýni á 8. hæð auk sér geymslu í kjallara og bílskúrs í þessu eftirsótta húsi fyrir eldri borgara við Grandaveg 47. Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á sl árum, m.a. var lagt nýtt massívt eikarparket á íbúðina, baðherbergi endurnýjað með bæði baðkari og sturtu auk þess sem þvottaherbergi var endurnýjað. Yfirbyggðar flísalagðar svalir. Á efstu hæð hússins er sameiginlegur matsalur þar sem boðið er uppá heitan mat í hádeginu alla daga. Húsvörður er í húsinu. **Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega.**

**Verð 64,9 millj.**

### Krókháls – 469 fermetra atvinnuhúsnæði



Mjög gott 469,0 fm. atvinnuhúsnæði á 3. hæð, götuhæð Krókhálsmegin, í lyftuhúsi að Krókhálsi 5G. Möguleiki er að setja tvær góðar innkeyrsludyr í húsnæðið en í dag eru tvær inngöngudyr. Eignin skiptist í anddyri, opið stórt sýningarrými með harðparketi á gólfi, þrjú salerni, kaffistofu með hvítum innréttingum og tvær geymslur. Kaffistofan er um 30 fermetrar og er ekki inni í fermetratölu eignarinnar. Á millilofti er stór salur með dúklögðu gólfi og rúmgott fundarherbergi með dúk á gólfi, bæði með góðri ofanbirtu.

**Malbikað stórt bílaplan með fjölda bílastæða og gott athafnasvæði.**

### Austurberg 2. 4ra herbergja endaíbúð ásamt bílskúr.




**Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**
Vel skipulögð 112,6 fm. endaíbúð á 4. hæð að meðt. 18,0 fm. bílskúr, í góðu fjölbýlishúsi við Austurberg. Stórar svalir til suðurs sem eru yfirbyggðar að hluta. Eldhús hefur verið endurnýjað. Glæsileg eldhústæki og nýlegur tvöfaldur kæliskápur fylgir. Þrjú svefnherbergi. Rúmgóð stofa með stórum gluggum til suðurs.

Sameign er snyrtileg og hefur fengið gott viðhald nýlega.

**Verð 35,9 millj.**

### Grenimelur 13. 3ja herbergja íbúð með sérinngangi.




**Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**
Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 90,0 fm. kjallaraíbúð með sérinngang á þessum eftirsótta stað við Grenimel í Vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, tvö herbergi, stofu, eldhús með ljósri innréttingu og baðherbergi. Búið er að endurnýja m.a. eldhús að hluta, baðherbergi, gólfefni að hluta, raflagnir og töflu. Að utan er nýlega búið að steina allt húsið uppá nýtt og flota tröppur. Geymsla innan íbúðar.

**Verð 43,9 millj.**

### Grettisgata 44a. 3ja herbergja risíbúð.




**Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45**
52,2 fm. 3ja herbergja risíbúð í nýlega bárujárnsklæddu fjórbýlishúsi við Grettisgötu. Stórar flísalagðar svalir til suðurs út af eldhúsi/borðstofu. Eldhús er opið við borðstofu með nýlega lökkuðum innréttingum. Setustofa með stórum kvisti. Tvö svefnherbergi.

Stigahús er nýlega teppalagt og málað, mjög snyrtilegt og sameiginlegt með tveimur öðrum íbúðum.

**Verð 33,9 millj.**

### Njálsgata 85. Góð 3ja herbergja íbúð.




**Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**
Mjög falleg og þó nokkuð endurnýjuð 79,7 fm. íbúð á 2. hæð í fjórbýlishúsi að meðt. sér geymslu á baklóð. Íbúðin er mjög björt með fallegri gluggasetningu, aukinni lofthæð og fallegum gifslistum í loftum að hluta. Tvö stór herbergi. Rúmgóð og björt stofa.Rafmagnstafla og raflagnir hafa verið endurnýjaðar og ljósleiðari er kominn inn í íbúðina. Geymslan er á bakóð.
**Staðsetning á rólegum stað nærri miðborginni þaðan sem stutt er í leikskóla, skóla, Sundhöll Reykjavíkur, verslanir og aðra þjónustu.**

**Verð 37,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **TORG**
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lgfs.

# 520 9595

Fasteignasalan TORG Garðatorgi 5 210 Garðabær www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hafdís** Sölustjóri | **Sigurður** Fasteignasali | **Dórothea** Fasteignasali | **Þorsteinn** Fasteignasali | **Jóhanna Kristín** Fasteignasali | **Árni Ólafur** Fasteignasali | **Berglind** Fasteignasali | **Jón Gunnar** Sölufulltrúi | **Þóra** Fasteignasali | **Sigríður** Fasteignasali | **Garðar** Fasteignasali | **Hrönn** Sölufulltrúi | **Alexander** Sölufulltrúi | **Halla** Fasteignasali | **Þorgeir** Fasteignasali |
| 820 2222 | 898 6106 | 898 3326 | 694 4700 | 698 7695 | 893 4416 | 694 4000 | 848 7099 | 822 2225 | 699 4610 | 899 8811 | 692 3344 | 695 7700 | 659 4044 | 696 6580 |

## NÝJAR ÍBÚÐIR
## VIÐ JAÐARLEITI 2, 4, 6
**103 REYKJAVÍK**

**KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Í SÍMA**
# 520 9595

Fyrstu íbúðir verða afhentar sumarið 2018







Bjartar litlar og meðalstórar íbúðir! 2ja – 5 herbergja! Íbúðir fyrir breiðan hóp kaupenda! Vandaðar innréttingar og heimilistæki. Gluggafletir í stofurými eru stórir og gólfsíðir. Mikið útsýni úr nær öllum íbúðum. Gólfhiti, svalalokanir og mynddyrasímar fylgja öllum íbúðum.

Bílastæði í bílakjallara fylgja stærri íbúðum. Í hverfinu verða skjólgóðir garðar og nútímalegt og hlýlegt íbúðarhverfi!

**Hönnuðir/arkitekar:** T.ark, Teiknistofan arkitektar ehf.
**Byggingaraðili:** Skuggi 4 ehf.

## Mánastígur 4 — 220 Hafnarfirði — 57.900.000





**OPIÐ HÚS mánudaginn 27. nóv. kl. 17:30-18:00**

**Herbergi:** 5 **Stærð:** 180,2 $m^2$

**VIRKILEGA FALLEG, SKEMMTILEG OG MIKIÐ ENURNÝJUÐ ÍBÚÐARHÆÐ OG RIS Í ÞRÍBÝLISHÚSI Á GÓÐUM STAÐ RÉTT VIÐ TJÖRNINA Í HAFNARFIRÐI.**
Á aðalhæð er opin stofa/borðstofa/eldhús, baðherbergi, þvottahús og 2 svefnherbergi, allt endurnýjað á síðustu 6-8 árum. Nýlegar og rúmgóðar suðursvalir. Sérsmíðaður hringstigi liggur upp á efri hæð þar sem er eitt stórt rými (nýtt sem hjónaherbergi) og annað svefnherbergi. Geymslurými undir súð.

**Upplýsingar veitir Jóhanna Kristín fasteignasali í gsm: 698 7695**

## Blikanes 7 — 210 Garðabæ

**Verð: 145.000.000**





**OPIÐ HÚS mánudaginn 27. nóv. kl. 17:30-18:00**

**Herbergi:** 8 **Stærð:** 376,5 $m^2$



Vel skipulagt fjölskylduhús á tveimur hæðum og með tvöföldum bílskúr við sjávarsíðuna á Arnarnesi. Einstaklega fallegur og vel hannaður garður af Stanislas Bohic frá 2006 með heitum potti og útisturtu. Nýyfirfarið lofthitunarkerfið í eigninni. Rafmagnstafla endurnýjuð og endurnýjað járn á þaki. Efri hæð: Hjónaherb. með fataherb. innaf, 2 svefnherb., sjónvarpsherb. ,gestasalerni og baðherb., stofa með gólfsíðum gluggum, borðstofa og rúmgott eldhús ásamt þvottahúsi-útgengi. Neðri hæð-sérinngangur: Tvö svefnherb, stórt stofurými, baðherb. og tvær geymslur.
**Upplýsingar veitir Dórothea fasteignasali í gsm: 898 3326**

## Berjarimi 36 — 112 Reykjavík — 36.500.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 28. nóv. kl. 17.30-18:00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 89,0 $m^2$

*Afhendist við kaupsamning*Björt 3ja herb. endaíbúð á 2.hæð með sérinngangi, neðst í rólegum botnlanga. Fallegt útsýni. Gluggar á þrjá vegu. Geymsluloft yfir allri íbúðinni. Þvottahús innan íbúðar. Frá stofu eru svalir í suðvestur. Göngustígur liggur beint í Rimaskóla frá hverfinu.
**Upplýsingar veitir Dórothea fasteignasali í gsm: 898 3326**

## Laugarnesvegur 94 — 105 Reykjavík — 39.900.000





**OPIÐ HÚS mánudaginn 27. nóv. kl 17:30-18:00**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 90 $m^2$

Gott skápa og skúffupláss er í eldhúsi. Baðherbergið er með flísum á veggjum og dúk á gólfi, innrétting er undir vaski og shandklæðakápur þar við hliðina á, stór sturtuklefi og salerni.Stofan er björt og rúmar bæði setustofu og borðstofu. plastparketi á gólfi. Góðar svalir eru út frá stofunni sem eru flísalagðar.Svefnherbergin eru þrjú, tvö barnaherbergi og hjónaherbergi. Í hjónaherbergi er rúmgóður fataskápur.

**Upplýsingar veitir Þorsteinn fasteignasali í gsm: 694 4700**

## Hlíðarhjalli 74 — 200 Kópavogi — 49.900.000



**PANTIÐ SKOÐUN S. 893 4416**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 151,0 $m^2$ **Bílskúr:** 28,8 $m^2$

Fjögurra herbergja, rúmgóð og falleg íbúð á frábærum stað með vítt og mikið útsýni. Íbúðin er á 3. hæð í suðvesturenda hússins með glugga til suðurs og vesturs. Stórar suður svalir með útgengi bæði úr stofu og svefnherbergi. Svefnherbergin þrjú og baðið, með glugga, liggja að sama gangi og mynda aðskilda svefnálmu. **Upplýsingar veitir Árni Ólafur fasteignasali í gsm: 893 4416**

## Barónsstígur 61 — 101 Reykjavík — 35.500.000



**PANTIÐ SKOÐUN S. 893 4416**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 71,6 $m^2$

Rúmgóð, björt og einkar notaleg 3ja herbergja íbúð á frábærum stað í göngufjarlægð frá hringiðu miðbæjarins. Íbúðin er á 3. hæð og er ótrúlegt útsýni úr henni. Íbúðin tekur afar vel á móti og er hlýleg og snotur. Hún hefur verið nokkuð uppfærð og haldið við án þess að eyða upphaflegum sérkennum.
**Upplýsingar veitir Árni Ólafur fasteignasali í gsm: 893 4416**

# VIÐ VEITUM TOPP ÞJÓNUSTU

## HRINGDU OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ

# SÍMI 520 9595

### Klapparstígur 3
101 Reykjavík
**38.900.000**



**BÓKIÐ SKOÐUN Í GSM. 699-4610**

**Herbergi:** 2 **Stærð:** 62,2 m²

Björt 2ja herbergja íbúð á annarri hæð í snyrtilegu lyftuhúsi ásamt sérmerktu stæði í lokaðri bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, baðherbergi, stofu, eldhús og rúmgott svefnherbergi. Gólfefni eru parket og flísar. Húsvörður. Íbúðin er laus til afhendingar.
**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm:** 699 4610

### Andrésbrunnur 5
113 Reykjavík
**39.900.000**



**OPIÐ HÚS mánudaginn 27. nóv. kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 96,1 m²

Falleg og rúmgóð 3ja herb íbúð með suðursvölum á efstu hæð með lyftu. Stæði í lokaðri bílageymslu fylgir með. Íbúðin sjálf er skráð 96,1 fm. og skiptist í stofu,borðstofu, eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Þetta er góð fjölskylduíbúð í snyrtilegu lyftuhúsi. Stutt er í skóla, leikskóla og út í fallega náttúru. **Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm:** 699 4610

### Grundarstígur 24
101 Reykjavík
**39.900.000**



**BÓKIÐ SKOÐUN Í GSM. 699-4610**

**Herbergi:** 2 **Stærð:** 69,1 m²

Mjög falleg, björt og mikið endurnýjuð 2ja herbergja íbúð á einum allra besta stað í borginni. Íbúðinni fylgir sérmerkt bílastæði. Íbúðin er rúmgóð með góðu opnu alrými fyrir stofu og eldhúsi. Búið er að endurnýja gólfefni, hurðar, innréttingar, eldhústæki ofl. Íbúðin er laus við kaupsamning.
**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

### Langalína 34
210 Garðabæ
**79.900.000**



**OPIÐ HÚS mánudaginn 27. nóv kl.17:30-18:00**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 148,6 m²

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. listi
6. ógrynni
8. ílát
9. húsfreyja
11. hávaði
12. efni
14. mýkja
16. í röð
17. for
18. stansa
20. tveir eins
21. sáttargerð

**LÓÐRÉTT**
1. hróss
3. karlkyn
4. prófuðum
5. tímabils
7. nálægt
10. utanhúss
13. strá
15. auma
16. fugl
19. ólæti

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** skrá, **6.** of, **8.** ker, **9.** frú, **11.** ys, **12.** satín, **14.** milda, **16.** gh, **17.** aur, **18.** æja, **20.** mm, **21.** sátt.
**LÓÐRÉTT: 1.** lofs, **3.** kk, **4.** reyndum, **5.** árs, **7.** framhjá, **10.** úti, **13.** íla, **15.** arma, **16.** gæs, **19.** at.

## Skák Gunnar Björnsson

Kristján Eðvarðsson (2.192) átti leik gegn Jonathan Peineiro (1.743) á alþjóðlega mótinu í Rúnavík í Færeyjum.

**Hvítur á leik**

**1. Hxh7+! Kg8 2. Hh8+! 1-0.**

Vignir Vatnar Stefánsson vann sinn fyrsta stórmeistara í næstsíðustu umferð mótsins. Fyrsti sigur hans gegn stórmeistara. Guðmundur Kjartansson varð efstur Íslendinga.

**www.skak.is:** Hraðskákmót Garðabæjar í kvöld.







HEILL HEIMUR ÁN MYNDLYKILS

Þú þarft ekki myndlykil til þess að horfa á fjölbreytta dagskrá allra sjónvarpsstöðva 365, tímaflakkið, Frelsið og Stöð 2 Maraþon Now.



Nánari upplýsingar í síma 1817 eða á 365.is

365


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NET MÁNUDAGUR

-30% -30%
-20% -20%
-20% -20%
-15% -15% -15%
-10% -10% -10%

ALLAR VÖRUR Í NETVERSLUN Á

10-30% AFSLÆTTI AÐEINS Í DAG

Heimilistæki ht.is

# NÝR VEFUR OG RAF

Penninn Eymundsson

Allir flokkar

Sláðu inn nafn vöru, vöruflokks, höfunds, árs, h

BÆKUR & TÍMARIT | REKSTUR & RITFÖNG | GJAFAVARA | TÖSKUR | FÖNDUR & LEIKFÖNG | U

## STAFRÆNN MÁNUDAGUR - ÝMSAR VÖRUR

-44%

Avocado
1 599 ISK

-50%

Hús tveggja fjölskyldna
1 999 ISK

-25%

Sonurinn
2 899 ISK

-35%

Ljóðasafn Tómasar Guðmundssonar
4 499 ISK

-33%

Vögguvísurnar okkar
3 999 ISK

-70%

Hulstur Ipac Safavid
3 000 ISK

## STAFRÆNN MÁNUDAGUR - ÝMSAR VÖRUR

-40%

Indoor Green
2 999 ISK

-40%

Soonish
2 999 ISK

-40%

Stranger Fillings
1 679 ISK

-40%

The World Atlas of Whisky
4 799 ISK

-40%

Dagbók Pennans 2018
1 329 ISK

-40%

Dagbók A4 Úranus 201
1 609 ISK

## STAFRÆNN MÁNUDAGUR - ÝMSAR VÖRUR

-30%

Límborði Dymo D1 sv/gl 12mm
2 607 ISK

-30%

Límmiði LW 28x89 mm f/adressu
4 384 ISK

-30%

Vikan
1 186 ISK

-30%

Vogue
654 ISK

-30%

Gestgjafinn
1 606 ISK

-30%

Familie Jou
689 ISK

Staðsetningar og opnunartímar | Skilmálar | Hafa samband | Vildarklúbbur

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN - ALLT FYRIR HEIMILIÐ & SKRIFSTOFUNA**

**VAL UM SÓTT EÐA SENT Í VERSLUN - WWW.PENNINN.IS**


RÆNN MÁNUDAGUR
önnunarlínu eða hönnuðar
Karfa
Skráðu þig inn
og verslaðu
UM PENNANN EYMUNDSSON
VERSLANIR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA
FLEIRI STAFRÆN TILBOÐ
-70%
-40%
-40%
-40%
-40%
-40%
d Air
Hulstur Ipad Mini Azure
2 400 ISK
Skipulagstaska Rauð
3 599 ISK
Frozen föndur kristals armband
1 727 ISK
Landakort Pin Ísland
5 399 ISK
The Handmaid's Tale Gjafaútgáfa
2 399 ISK
Ferðata
Air2 me
26 999 I
FLEIRI STAFRÆN TILBOÐ
-30%
-40%
-40%
-40%
-40%
Ársyfirlit 2018
699 ISK
Ferðataska Dauphine 4 hjól 66 cm
23 999 ISK
-40%
-40%
rnal
Familien Julens Smastrikk
1 452 ISK
Ferðataska Dauphine 4 hjól 66 cm
23 999 ISK
2 608 ISK
4 385 ISK
1 186 ISK
654 ISK
NÝR VEFUR!
20.000 BÆKUR!
1.500 PENNAR OG BLÝANTAR!
MIKIÐ MAGN AF GJAFVÖRUM OG HÚSGÖGNUM!
ÖFLUGUR ÞJÓNUSTUVEFUR FYRIR FYRIRTÆKI!
WWW.PENNINN.IS
540 2000
Skiptiborð
Samband við allar verslanir
Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Gildistími tilboðsverða er 27. nóvember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Femínismi getur verið sterkt hreyfiafl í samfélaginu

**Perlan: Meint skinkuvæðing íslensku kvenþjóðarinnar í kjölfar efnahagshrunsins, er titill nýjustu skáldsögu Birnu Önnu Björnsdóttur sem skoðar m.a. bilið á milli manneskju og ímyndar.**



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Birna Anna Björnsdóttir segir að það sé mikil gerjun í íslenskum femínisma og að það sé frjótt samfélag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Rithöfundurinn Birna Anna Björnsdóttir hóf sinn höfundarferil með allsérstæðum hætti sem einn af höfundum skáldsögunnar Dís, árið 2000. Fjórum árum síðar kom svo skáldsaga hennar Klisjukenndir og svo nýjasta skáldsagan Perlan: Meint skinkuvæðing íslensku kvenþjóðarinnar í kjölfar efnahagshrunsins, sem kom út fyrir skömmu. Í öllum þessum verkum er að finna sameiginlegan streng sem er fólginn í skoðun á stöðu ungra kvenna og Birna Anna segir að í sinni nýjustu bók sé stóra hugmyndin með aðalpersónunni að skoða hvernig konur eru hlutgerðar í nútímamenningu.

„Aðalpersónan Perla er kona sem hefur alltaf verið hlutgerð af umhverfinu og því finnst mér áhugavert að skoða manneskjuna á bak við ímyndina og hvað það getur verið rosalega langt á milli ímyndarinnar og hinnar eiginlegu manneskju. Ég skoða líka hvernig það fer með manneskju að hafa alltaf verið sett á ákveðinn stall.

En svo er líka hluti af þessari frægðardýrkun að við höfum oft svo lítið úthald fyrir einstaklingum og það þarf því alltaf að koma einhver ný týpa, hvort sem það er í listum eða öðru í menningunni, sem tekur við þessu hlutverki að vera aðal. Þá vaknar spurningin hvað verði um manneskjuna eftir að henni hefur verið ýtt til hliðar og hún er ekki lengur í tísku. Við þekkjum þessar týpur í umhverfinu, þessar manneskjur sem birtast og verða frægar, stundum bara fyrir að vera frægar, en hvað svo? Það er soldið það sem þessi bók snýst um. Hvað verður um svona konu?“

### Ráfar um í reiðileysi

Birna Anna fer þá leið með sína persónu að hún lætur hana hverfa af sjónarsviðinu um langa hríð en dúkka svo upp aftur í nýju samhengi. „Í upphafi bókar er Perla komin á vitnalista í réttarhöldum um stríðsglæpi og þá vaknar aftur áhugi allra á Íslandi á henni. Þá vilja allir vita hvað varð um þessa konu og hvað hefur orðið til þess að hún er komin á þennan óvænta stað í þessu samhengi. Við sem lesendur fáum svo að fylgja henni náið í gegnum hennar sögu og komast að því hvað gerðist.“

Birna Anna er á því að konur séu líklegri til að lenda í þessari hverfulu athygli umhverfisins en karlar enda staða þeirra í menningunni önnur. „Það er miklu meira horft á útlit og yfirborð kvenna og útlitsdýrkun nær miklu frekar til kvenna. Hún á sér að einhverju leyti stað hjá körlunum líka en hún er sterkari hjá konum og hefur meiri áhrif á konur almennt. Þessar ímyndir hafa áhrif út fyrir sjálfa sig og snerta flestar konur með einhverjum hætti í gegnum menninguna.“

*En að hversu miklum hluta erum við sjálf að framleiða okkar eigin ímynd?*

„Ég held að fólki geri það í síauknum mæli með tilkomu samfélagsmiðla. Hér áður fyrr voru það aðeins þeir sem voru áberandi og mikið í fjölmiðlum sem skópu sér ímynd en með tilkomu samfélagsmiðla getur hver og einn ákveðið að búa sér til slíka ímynd út á við.

Mér fannst áhugavert að skapa sögupersónu sem er í þessari stöðu, að hafa sterka ímynd í hugum fólks en svo er innra lífið, sjálft sálarlífið, allt annað en ímyndin segir til um. Það myndast ákveðin togstreita þegar langt bil er þarna á milli. Þá myndast tómleiki, tengslaleysi við annað fólk og einmanaleiki og það er meðal annars það sem ég er að skoða. Perla á mjög erfitt með að mynda tengsl við aðra. Hún ráfar um í ákveðnu reiðileysi á sínum fullorðinsárum út af þessu tengslaleysi og það hefur með hennar bakgrunn og umhverfi að gera auk þess hvernig samfélagið hefur alla tíð skilgreint hana og metið.“

### Hver kynslóð gerir betur

Aðspurð um áhrifavalda segist Birna Anna mikið lesa kvenrithöfunda og gjarnan femíníska höfunda, meðal höfunda sem eru í uppáhaldi eru Chimamanda Ngozi Adichie, Zadie Smith, Jennifer Egan og Claire Messud. „Það er líka stór persóna í bókinni minni sem er femínískur fræðimaður og það koma vissulega ákveðnar femínískar pælingar við sögu.

Mér finnst þetta áhugavert að skoða því að femínismi er stórt og dýnamískt fyrirbæri þar sem alls konar straumar og hugmyndir eru í mótun eftir því sem samfélagið þróast. Mér finnst ekki síst áhugavert að skoða hvernig manneskja sem sækir sér athygli fyrir yfirborð getur líka verið skoðuð með femínískum gleraugum. Og þegar við förum í gegnum þessa sögu með henni þá vonandi sjáum við að það býr annað og meira að baki en bara það sem við sjáum á yfirborðinu.“

*En hefur íslenskur femínismi þá einsleita mynd af því sem konur ættu að vera?* „Nei, mér finnst vera mikil gerjun í íslenskum femínisma og að þetta sé rosalega frjótt samfélag. Það er mikið af ferskum hugmyndum í gangi og spennandi og mikilvægir hlutir að gerast. Eins og við sjáum núna til dæmis, þá getur femínismi verið gríðarlega sterkt hreyfiafl til framfara í samfélaginu. Mér finnst ungu íslensku femínistarnir alveg magnaðir og finnst þeirra barátta og starf svo flott. Hver kynslóð byggir auðvitað á þeim sem á undan fóru og gerir svo vonandi ennþá betur.“

Það er stutt í húmorinn í skáldsögunni Perlan og Birna Anna segir að það sé henni mikilvægt. „Í fyrsta lagi þá er einfaldlega gaman að lesa fyndnar bækur og ég elska sjálf bækur með góðum húmor. Húmor getur líka verið eitt besta og beittasta greiningartækið þegar við erum að skoða samtímann og getur hjálpað okkur að sjá og skilja hlutina í nýju ljósi.“



# BÆKUR SEM TÝNDUST OG FUNDUST!

## HANDBÓK UM MINNI OG GLEYMSKU EFTIR RAGNAR HELGA ÓLAFSSON

Bréfaskipti fyrrverandi elskenda, furðuleg ökuferð um úthverfi Reykjavíkur, harðar deilur í húsfélagi, flóttatilraun drengs úr sveit, kjarnorkusprengjur, skjaldarmerki og engiferrætur.

Ragnar Helgi Ólafsson fer á kostum í bók sem einkennist af húmor og heimspeki, fegurðarþrá og frásagnargleði. Og svo er bókin að auki glæsilegur prentgripur!




*Gleymdist í Eystrasaltinu – fannst óvænt í Reykjavík!*

*Kemur út á morgun á Íslandi og í Frakklandi!*





## ÖFUGSNÁÐI EFTIR BRAGA ÓLAFSSON




*Kemur út í dag!*

Í Öfugsnáða eftir Braga Ólafsson er að finna meitluð ljóð og margræða texta eftir einn af okkar snjöllustu höfundum.

Bókin með öfugu kápunni sem hvarf í hafi en fannst í Kópavogi!

BJARTUR










| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 - 6:20 |
| COCO ENSKT TAL | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 9 |
| JUSTICE LEAGUE 2D VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 6 - 8 - 9 - 10:50 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 |
| COCO ENSKT TAL | KL. 6 - 8 |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 9 |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:35 |
| THANK YOU FOR YOUR SERVICE | KL. 10:35 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| COCO ENSKT TAL | KL. 8 |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 8 - 10:40 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 10:40 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| COCO ÍSL TAL | KL. 5 |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 5 - 7:35 - 10:10 |
| THANK YOU FOR YOUR SERVICE | KL. 8 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 10:20 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5 - 7:45 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 |
| COCO ENSKT TAL | KL. 8 |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 8 - 10:40 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5:10 - 10:40 |

Góða skemmtun í bíó

ÓLAFUR HAUKUR SÍMONARSON

Fólkið í blokkinni

DÝRAGARÐURINN

SJÁLFSTÆTT FRAMHALD

Hvað gera Vigga, Óli bróðir og tvíburarnir á áttundu hæð, þegar bannað er að halda húsdýr í blokkinni?

Jú, auðvitað stofna þau dýragarð.







Íslenska karlalandsliðið tekur þátt í fyrsta sinn í undankeppni HM og fer leikurinn fram í kvöld kl. 19.45 í Laugardalshöll.

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 27. NÓVEMBER 2017

### Viðburðir

**Hvað?** Silence Meal
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Matarupplifun með listamanninum Ninu Backman. Verð er 15.500 og inni í því er þriggja rétta máltíð sem Sveinn Kjartansson útbýr.

**Hvað?** Landsleikur í körfubolta
**Hvenær?** 19.45
**Hvar?** Laugardalshöll
Íslenska karlalandsliðið tekur þátt í fyrsta sinn í undankeppni HM sem fram fer í Kína árið 2019. Í undankeppninni leika 32 lið um 12 laus sæti á HM og er Ísland í riðli með landsliðum Tékklands, Finnlands og Búlgaríu í fyrstu umferðinni þar sem leikið er heima og að heiman í gluggum í núna í nóvember, febrúar 2018 og í júní/júlí 2018. Þrjú liði fara áfram í aðra umferð.

**Hvað?** Hraðskákmót Garðabæjar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Golfklúbbnum GKG
1. verðlaun 15.000. Aðalverðlaunum er skipt eftir Hort-kerfi. Aukaverðlaun Efsti TG-ingur 5.000 (óskipt eftir stigum). Besti árangur (miðað við eigin stig ) 5.000 kr. (Performance – eigin stig – stigalausir reiknast með 1.500 stig.) Tímamörk 3 mínútur + 2 sek. á leik. Líklega 9 umferðir. Þátttökugjöld 2000 kr. Frítt fyrir félagsmenn Taflfélags Garðabæjar og þátttakendur í Skákþingi Garðabæjar 2017. Einnig allir titilhafar FM/WFM eða hærri titill. Ef þátttaka utanfélagsmanna verður góð verður aðalverðlaunum fjölgað. (Yfir 20 manns greiða þátttökugjöld.)

**Hvað?** Pop quiz
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stúdentakjallaranum
Skyndipróf að hætti Stúdentakjallarans. Pop quiz kóngarnir Jón Már og Árni Freyr mæta með gítarana, englaraddirnar og splunkunýjar og dúndurgóðar spurningar.

**Hvað?** Íbúafundur um Nýju línuna, samgöngustefnu Kóp. Lindir og Salir.
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Lindaskóla
Kópavogsbær boðar til íbúafundar vegna nýrrar samgöngustefnu. Á fundinum verður kynning á markmiðum væntanlegrar samgöngustefnu en við gerð hennar verða vistvænar samgöngur hafðar að leiðarljósi. Að lokinni stuttri kynningu verður óskað eftir ábendingum íbúa. Unnið verður á þremur starfsstöðum. Almenningssamgöngur, umferðaröryggi, gangandi og hjólandi. Íbúar eru hvattir til að mæta og koma með ábendingar um það sem þeim liggur á hjarta um samgöngur í Kópavogi. Ábendingar íbúa verða hafðar til hliðsjónar við mótun nýrrar samgöngustefnu. Hafðu áhrif og mótaðu nýju línuna með okkur.

**Hvað?** Ævintýrakvöld! Everest leiðangurinn og ferðakynningar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Síðumúla 23
Vilborg Arna segir frá og býður upp á einstakt ævintýrakvöld þar sem farið verður yfir Everest áskorunina í máli og myndum. Efnið spannar alla þrjá leiðangrana, bæði sorgir og sigra. Sagan er persónuleg og á erindi við alla sem





BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Party | 18:00, 20:00 |
| Undir Trénu ENG SUB | 18:00 |
| Varnarliðið | 18:00 |
| Listy Do M3 ENG SUB | 20:00 |
| La Chana | 20:00 |
| Atvikið á Nile Hilton hótelinu | 22:30 |
| Suburbicon | 22:00 |
| Rökkur ENG SUB | 22:00 |



þurfa að takast á við áskoranir og mótlæti. Fyrir fyrirlesturinn munu Tindar, fjalla- & gönguferðir kynna spennandi ferðir til Grænlands og Nepal á næsta ári. Af nógu er að taka fyrir alla sem hafa áhuga á útivist og ævintýrum.

## Námskeið

**Hvað?** Föndurnámskeið á Sauðfjársetrinu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Sævangi, Hafnarfirði
Dagbjört frá föndurversluninni Hlín á Hvammstanga ætlar að koma og kenna okkur að gera aðventukrans, hurðakrans eða jólaborðskreytingu. Námskeiðið kostar 3.000 fyrir utan efni. Námskeiðið er samstarf Sauðfjársetursins og handverksfélagsins Strandakúnstar.

**Hvað?** Gervihnattasjónvarp
**Hvenær?** 8.30
**Hvar?** Rafiðnaðarskólanum
Fjallað er um sjónvarps- og útvarpsdreifingu á Ku-tíðnibandinu sem er fyrst og fremst notuð til að dreifa sjónvarpi um gervihnött. RÚV hefur t.d. verið með útsendingar um gervihnött í nokkur ár bæði á Sjónvarpinu og Rás 1 og Rás 2. Á námskeiðinu er lögð sérstök áhersla á að gera þátttakendur vel færa um að móttaka þessar sendingar og dreifa þeim áfram til notenda.

**Hvað?** Startup Tourism – kynning á Reykjanesi
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Park Inn, Hafnargötu 57, Reykjanesbæ
Ert þú með nýja viðskiptahugmynd eða ertu að þróa nýtt verkefni innan fyrirtækisins? Startup Tourism er tíu vikna viðskiptahraðall sem er sniðinn að þörfum nýrra fyrirtækja í ferðaþjónustu. Ár hvert eru allt að tíu sprotafyrirtæki valin til þátttöku og fá þau tækifæri til að þróa áfram viðskiptahugmyndir sínar undir leiðsögn reyndra frumkvöðla, fjárfesta og annarra sérfræðinga þeim að kostnaðarlausu. Markmið verkefnisins er að hvetja til nýsköpunar á sviði ferðaþjónustu, styrkja stoðir nýrra fyrirtækja, fjölga afþreyingarmöguleikum og stuðla að dreifingu ferðamanna víðsvegar um landið, allan ársins hring.

**Hvað?** Svefn fjölbura á leikskólaaldri: Hagnýtar leiðir
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hlíðarsmára 17
Á þessu fræðslukvöldi sem er ætlað foreldrum fjölbura og haldið í samvinnu við Tvíburafélagið mun Elísa Guðnadóttir sálfræðingur og tvíburamóðir fjalla um ýmislegt tengt svefni og svefnvenjum fjölbura á leikskólaaldri. Fjallað verður um eðli svefns, svefnþörf eftir aldri, hvaða umhverfisþættir hafa áhrif á svefn og geta ýtt undir og viðhaldið svefnerfiðleikum, hlutverk daglúrsins, góðar svefnvenjur og hvað er til ráða ef börnin fást ekki í bólið, halda vöku fyrir hvert öðru, eru lengi að sofna, þurfa aðstoð við það eða geta ekki sofið í sínu rúmi alla nóttina. Almennt verð er 2.500 kr. á mann en fyrir félagsmenn Tvíburafélagsins kostar 1.000 kr. Aðgangseyrir er greiddur við komu. Pláss er fyrir um 40 manns á fræðslukvöldinu.

**Hvað?** Viskísmökkun
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Dillon
Verð er 5.000 krónur en Einar Þorvarðarson mun fræða gesti um mismunandi tegundir viskís. Alls verða níu tegundir smakkaðar, frá Skotlandi, Taívan og Japan meðal annars.


**Vilborg Arna Gissurardóttir segir frá og býður upp á einstakt ævintýrakvöld þar sem farið verður yfir Everest áskorunina í máli og myndum í kvöld klukkan 20.00 að Síðumúla 23.**









UM LAND ALLT
KL. 19:30
Kristján Már Unnarsson heimsækir íbúa Bíldudals. Þar hafði fjarað undan sjávarútvegi og íbúum fækkað um tvo þriðju. Nú hafa atvinnumál snúist til betri vegar. Bíldudalur er að rísa á ný með kalkþörungavinnslu og vaxandi laxeldi.

Magnað
Mánudagskvöld
Fáðu þér áskrift á 365.is

GRAND DESIGNS
KL. 20:10
Smekklegir og töff þættir þar sem fylgst er með skemmtilegum endurbótum á heimilum fólks sem þorir.





GULLI BYGGIR
KL. 21:05
Frábær þáttur með Gulla Helga sem allir þeir sem standa í stórum sem smáum breytingum mega ekki láta fram hjá sér fara né heldur þeir sem hafa gaman af því að fylgjast með endurbótum almennt.

THE BRAVE
KL. 21:45
Spennuþættir frá framleiðendum Homeland um einvala lið hermanna í bandaríska hernum, sem berjast fyrir málstað réttlætisins við erfiðar aðstæður á sumum hættulegustu stöðum heims.



S.W.A.T.
KL. 22:30
Það er ekki einfalt að halda uppi lögum og reglu á strætum Los Angeles borgar og það þekkir liðsforinginn Daniel Harrelson sem er í sérsveit lögreglunnar.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 333 kr. á dag.
365.is




# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.20** Kalli kanína og félagar
**07.40** The Middle
**08.05** 2 Broke Girls
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** The Last Man on Earth
**10.45** Masterchef USA
**11.25** Empire
**12.10** Fresh off the Boat
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor UK
**14.40** The X-Factor UK
**16.15** Friends
**16.35** Friends
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.25** Fréttayfirlit og veður
**19.30** Um land allt Kristján Már Unnarsson heimsækir íbúa Bíldudals. Þar hafði fjarað undan sjávarútvegi og íbúum fækkað um tvo þriðju. Nú hafa atvinnumál snúist til betri vegar.
**20.05** Grand Designs
**20.55** Gulli byggir Í þessari þriðju þáttaröð með Gulla Helga eru verkefnin stór sem smá eins og áður. Nú færum til eldhús og breytum baðherbergi í Mosó fyrir fatlaðan fjölskyldumeðlim. Breytum fjósi í íbúð í Hálsasveit, tökum heilt einbýlishús í gegn í Hafnarfirði. Gamalt hús í Reykjanesbæ fær andlitslyftingu og hitakompu í Þingholtsstræti er breytt í íbúð svo eitthvað sé nefnt. Frábær þáttur sem enginn sem stendur í stórum sem smáum breytingum má láta framhjá sér fara.
**21.30** The Brave
**22.15** S.W.A.T.
**23.05** You're the Worst
**23.30** Víglínan
**01.05** Curb Your Enthusiasm
**01.35** Blindspot
**02.20** Outlander
**03.15** Bones
**04.00** Pure Genius
**04.45** Pure Genius
**05.30** Murder In The First

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10** Minnesota Timberwolves - Phoenix Suns
**09.05** Atlanta Falcons - Tampa Bay Buccaneers
**11.25** Los Angeles Rams - New Orleans Saints
**13.45** B. Mönchengladbach - B. Munchen
**15.25** Augsburg - Wolfsburg
**17.05** Valencia - Barcelona
**18.45** Spænsku mörkin
**19.15** Valur - Haukar
**21.00** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**21.30** Seinni bylgjan
**23.00** Football League Show
**23.30** QPR - Brentford

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.40** Burnley - Arsenal
**10.20** Huddersfield Town - Manchester City
**12.00** Messan
**13.30** Atlanta Falcons - Tampa Bay Buccaneers
**15.50** Formúla 1 - Keppni
**18.10** Fjölnir - Grótta
**19.40** QPR - Brentford
**21.45** Football League Show
**22.15** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**22.40** Spænsku mörkin
**23.10** Valur - Haukar

## STÖÐ 3

**17.15** Gilmore Girls
**18.05** The Big Bang Theory
**18.30** Fresh off the Boat
**19.00** Modern Family
**19.30** Seinfeld
**19.55** Friends
**20.20** Who Do You Think You Are?
**21.25** Time After Time
**22.15** How To Make it in America
**22.50** The Sopranos
**23.40** Sleepy Hollow
**01.05** Seinfeld
**01.30** Friends
**01.55** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Strumparnir
**07.25** Ævintýraferðin
**07.37** Hvellur keppnisbíll
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** K3 (29 / 52)
**08.13** Víkingurinn Viggó
**08.27** Tindur
**08.38** Mæja býfluga
**08.50** Elías
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveins
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur og félagar
**11.00** Strumparnir
**11.25** Ævintýraferðin
**11.37** Hvellur keppnisbíll
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** K3
**12.11** Víkingurinn Viggó
**12.25** Tindur
**12.36** Mæja býfluga
**12.48** Elías
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveins
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur og félagar
**15.00** Strumparnir
**15.25** Ævintýraferðin
**15.37** Hvellur keppnisbíll
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** K3
**16.11** Víkingurinn Viggó
**16.25** Tindur
**16.36** Mæja býfluga
**16.48** Elías
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveins
**18.49** Lalli
**19.00** Hanaslagur



Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 09.24, 13.24 og 17.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.30** PGA Championship
**10.00** World Golf Championship
**15.05** Augusta Masters
**17.05** Presidents Cup - Official Film
**18.00** Sime Darby LPGA Malaysian
**20.35** PGA Special: Gary Player
**21.30** Presidents Cup - Official Film
**22.25** Golfing World
**23.15** PGA Special: Coming Home

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.50** Grey Gardens
**13.35** Kindergarten Cop 2
**15.15** Baby Mama
**16.55** Grey Gardens
**18.40** Kindergarten Cop 2
**20.20** Baby Mama Drepfyndin rómantísk gamanmynd með hinni margverðlaunuðu Tinu Fey úr 30 Rock. Hér er hún í hlutverki kaupsýslukonu sem getur ekki eignast barn og ræður óheflaða lágstéttarkonu til að ganga með barn fyrir sig með ansi skrautlegum afleiðingum.
**22.00** You Don't Know Jack
**00.15** The Nice Guys Gamansöm spennumynd frá 2016 með Ryan Gosling og Russel Crowe. Myndin segir frá þeim Holland March og Jackson Healy sem búa í Los Angeles árið 1977. Sá fyrrnefndi starfar sem einkaspæjari en sá síðarnefndi tekur að sér að lumbra á mönnum fyrir nokkurn veginn hvaða sakir sem er, gegn greiðslu auðvitað. Þeir Holland og Jackson þekkjast ekkert í byrjun sögunnar en þegar Jackson er ráðinn til að lemja Holland breytist það og þótt það hljómi ótrúlega leiða þau fyrstu kynni til samstarfs þeirra á milli.
**02.10** August: Osage County
**04.10** You Don't Know Jack

## RÚV

**16.00** Silfrið
**17.05** Séra Brown
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Háværa ljónið Urri
**18.11** Elías
**18.24** Skógargengið
**18.35** Letibjörn og læmingjarnir
**18.40** Millý spyr
**18.46** Gula treyjan
**18.48** Kóðinn - Saga tölvunnar
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Kastljós og Menningin
**20.05** Veiðin
**20.55** Vegir Drottins
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Hockney
**00.10** Kastljós og Menningin
**00.30** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show
**09.45** The Late Late Show
**10.25** Síminn + Spotify
**13.00** Dr. Phil
**13.40** Top Gear
**14.30** Scorpion
**15.15** Will & Grace
**15.40** Ilmurinn úr eldhúsinu
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Extra Gear
**20.10** Top Chef
**21.00** Hawaii Five-0
**21.50** Blue Bloods
**22.35** Dice
**23.05** The Tonight Show
**23.45** The Late Late Show
**01.10** Madam Secretary
**01.55** This is Us
**02.40** Salvation
**03.25** Difficult People
**03.55** Hawaii Five-0
**04.40** Blue Bloods
**05.25** Dice

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


ÝTTU Á TAKKANN
OG
SYNGDU MEÐ
VÖGGUVÍSURNAR
OKKAR
SÖNGLÖGIN OKKAR
SÖNGLÖGIN
OKKAR
20 vinsæl sönglög
Undirleikur: JÓN ÓLAFSSON
Myndskreytingar: ÚLFUR LOGASON
ÝTTU
&
SYNGDU MEÐ
sögur
ÚTGÁFA

# Frá krúttulegum spýtuköllum í realískan hrylling

**Hugleikur Dagsson** gefur nú út sitt árlega dagatal fyrir næsta ár en sú breyting er á að hann lét aðra listamenn um að gera ábreiður af myndum hans. Verkin tólf verða öll til sýnis í Gallerý Porti út vikuna.



Hugleikur fékk vin sinn Þránd Þórarinsson til að henda í eitt stykki málverk.

Ég gef árlega út dagatal og ég er að sýna myndirnar sem eru í þessu dagatali í ár. Ég var nú með allt aðra pælingu að dagatali en það var útgefandi minn sem stakk upp á að ég myndi fá einhverja aðra til að „kovera“ teikningar eftir mig,“ segir Hugleikur Dagsson en hann opnaði á laugardaginn í Gallerý Porti á Laugaveginum sýninguna Ábreiður en þar fær hann tólf aðra listamenn til að túlka, eða „kovera“ myndir eftir hann. Sýningin stendur yfir í viku og mun Hugleikur vera á svæðinu næstkomandi fimmtudag þar sem hann teiknar sérpantaðar myndir fyrir gesti og gangandi, en það er bara þann dag sem það verður í boði.

*Er útgefandinn kominn með leiða á þér?* „Já, hann er búinn að fá rosalegan leiða á öllum þessum peningum sem ég raka inn fyrir hann. En allavegana, þá stakk hann upp á þessu og ég samþykkti það – svo ég þarf þá ekki að gera neitt í rauninni. Ég hafði samband við tólf listamenn, þá listamenn sem ég var forvitinn að sjá hvernig myndu túlka þessar teikningar, og gaf þeim bara lausan tauminn – þau máttu öll velja sína mynd og niðurstaðan var þetta sem er hægt að kíkja á á þessari sýningu. Það verður líka hægt að kaupa dagatalið þarna.“

*Hvaða fólk fékkstu þarna með þér?* „Þarna eru góðir vinir eins og Þrándur Þórarinsson og Lóa Hlín. Svo er líka fólk sem hefur veitt mér innblástur eins og Sigrún Eldjárn, Halldór Baldursson og Þorri Hringsson – en hann er minn gamli myndasögukennari. Síðan eru þarna líka teiknarar sem ég hef unnið með áður: Rán Flygenring, sem hefur teiknað fyrir heila myndasögu og líka Pétur Antonsson og Árni Jón Gunnarsson – þau hafa öll unnið með mér í myndasöguprójektinu Endir sem ég gef út árlega.“



Ein mynda Hugleiks sést hér í aðeins öðruvísi búningi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

STAFRÆNN MÁNUDAGUR

20% afsláttur

af öllum vörum á netverslun.lyfja.is



**20% afsláttur** af öllum vörum í netverslun okkar. Frí heimsending til miðnættis. Gildir aðeins 27. nóvember í netverslun.

lyfja.is

LYFJA – Lifið heil



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**MÍNAR TEIKNINGAR ERU ÞANNIG AÐ EINFALDLEIKINN ER ÓMISSANDI HLUTI AF HÚMORNUM, SEM ER GJARNAN MYRKUR OG ÓGEÐSLEGUR – ÞANNIG AÐ UM LEIÐ OG ÞÚ FERÐ AÐ GERA ÞETTA EITTHVAÐ REALÍSKARA ÞÁ VERÐUR ÞETTA MEIRI HORROR.**

*Eru þetta allt teikningar eða eru til að mynda málverk og annað þarna?* „Þrándur er listmálari, þannig að hans verk er málað. Flest eru þau öll starfandi „illustratorar“ þannig að þetta er mest teikningar, sumt af þessu eru grafíkverk – þannig að þetta er svona skalinn sem þetta fer.“

*Og útkoman, er hún fyndnari eða ófyndnari?* „Það er auðvitað bara smekksatriði. Mínar teikningar eru þannig að einfaldleikinn er ómissandi hluti af húmornum, sem er gjarnan myrkur og ógeðslegur – þannig að um leið og þú ferð að gera þetta eitthvað realískara, en allt er auðvitað realískara en spýtukallar sem eru eins langt frá raunveruleikanum og hægt er, þá verður þetta meiri „horror“, húmorinn breytist í hrylling. Það hefur alltaf verið málið með það sem ég er að gera – það er hræðilegt og ógeðslegt dót, en það er framsett þannig að það verður eiginlega bara krúttulegt og skapar ákveðinn kontrast og þann brandara sem myndin í raun er – það er kontrastinn sem býr til pönslænið.

Þegar einhver annar tekur þetta fyrir þá verður þetta bara í rauninni meira „skerí“ og súrara, í sumum tilvikum. Þó myndi ég segja að henni Helgu Páleyju, sem á þarna eina mynd, hafi tekist að vera fyndnari en ég. Það er eitthvað í hennar frásögn sem lætur mig alltaf hlæja upphátt.“

Á sýningunni verða líka til sýnis nýjustu myndasögurnar hans Hugleiks frá síðustu tveimur árum. Þau verk eru öll úr brandarasafninu Er þetta frétt? **stefanthor@frettabladid.is**

## Lagið



MYND/ ÍRIS DÖGG

### Jana María Guðmundsdóttir

**Uppáhaldslag þessa stundina?**
Oasis með La Chica. Heyrði þetta lag í kvikmyndinni Messi & Maude á Toronto Film Festival fyrr í haust og er enn að hugsa um það. Ótrúlega flott og sérstaklega live.

**Besta lag allra tíma?**
Dreams með Fleetwood Mac. Galið að þurfa að velja eitt lag, en þetta er alltaf hæfilega rétt þegar mann langar að heyra eitthvað gott.

**Límheilalagið?**
Dead Girl Walking úr söngleiknum Heathers. Nemendur mínir í söngleikjadeild SSD eru að undirbúa sýningu á þessu verki og þetta er sannkallað heilalím.




C·Y·B·E·R·M·O·N·D·A·Y

AÐEINS Á NETINU

AÐEINS Í DAG

25–60%
AFSLÁTTUR

www.husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

VERÖLD HVÍLDAR – BETRA BAK LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

EITT LÍF – NJÓTUM ÞESS

Opera



25% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ!



Serta
STÆRSTI DÝNFRAMLEIÐANDI VERALDAR

Aukahlutur á mynd: gafl

- Sjö laga heilsu- og hægindalag. Laserskorið Conforma Foam tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og axlasvæði.
- Steyptar kantstyrkingar.
- Vandað fimmsvæða skipt pokagormakerfi. Minni hreyfing, betri aðlögun.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði sem andar vel.

SERTA OPERA HEILSURÚM
ÓTRÚLEGT VERÐ

SERTA OPERA DÝNA MEÐ COMFORT BOTNI OG FÓTUM

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | JÓLATILBOÐ |
|---|---|---|
| 120 X 200 | 134.920 KR. | 99.900 KR. |
| 140 X 200 | 150.960 KR. | 113.220 KR. |
| 160 X 200 | 174.960 KR. | 131.220 KR. |
| 180 X 200 | 196.540 KR. | 147.405 KR. |
| 192 X 203 | 216.300 KR. | 162.225 KR. |

BYLTING FYRIR ÞREYTTA FÆTUR

UNDRI HEILSUINNISKÓR

Með fimm svæða nuddinnleggi UNDRA nærðu slökun og vellíðan sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Heilsuinniskórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgrárri, ljósri eða rauðri merínóull. **Komdu og prófaðu!**

5 reflex zones

BYLTINGAKENNT 5 SVÆÐA NUDDINNLEGG ÚR LEÐRI

7.900 KR.

NÝR LITUR

UNDRI HEILSUINNISKÓR

SELDUST UPP Í FYRRA KOMNIR AFTUR

VINSÆL JÓLAGJÖF

ÖRVUN MEÐ SVÆÐANUDDSINNLEGGI MIÐAR AÐ ÞVÍ AÐ:

- Auka blóðflæði í höfði;
- Slaka á vöðvum í hnakka;
- Bæta öndun með því að slaka á axlasvæði;
- Samhæfa ósjálfráða taugakerfið;
- Slaka á vöðvum í efri hluta kviðar;
- Bæta virkni meltingarkerfisins;
- Bæta blóðflæði í nára.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK





**Brynhildur Oddsdóttir, forsprakki Beebee and the bluebirds, settist niður eftir skilnaðinn og samdi um lífsreynslu sína og má heyra afraksturinn á plötunni Out of the dark.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sár skilnaður í ljúfum djasstónum

Á plötunni Out of the dark með hljómsveitinni Beebee and the bluebirds gerir söngkonan **Brynhildur Oddsdóttir** upp skilnað sem hún gekk í gegnum. Útgáfutónleikarnir verða þó ekki fyrr en í janúar en þangað til ætlar Brynhildur að slaka á í Flórída.

Það er erfiðara að semja á persónulegum nótum. Fólk í kringum mig er mikið að skoða textana og spyrja hvort þetta lag eða hitt sé um sig," segir tónlistarkonan Brynhildur Oddsdóttir, forsprakki hljómsveitarinnar Beebee and the bluebirds. Auk hennar eru þeir Tómas Jónsson, Brynjar Páll Björnsson og Ásmundur Jóhannsson í bandinu.

Hljómsveitin gaf nýverið út plötuna Out of the dark en útgáfutónleikarnir verða þó ekki fyrr en í janúar. Brynhildur ætlar að stinga af til Flórída og vera þar um jólin. „Ég ætla að safna orku og slaka á. Ég hef ekki gert þetta áður og ég held að maður komi þvílíkt ferskur til baka. Vonandi stenst það að vera búin að koma disknum út í búðir og klára allt sem ég þarf að gera áður en ég heldur vestur um haf þannig að maður fari áhyggjulaus í sólina."

Brynhildur er útskrifuð úr almennum tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands, einnig á rafmagnsgítar í FÍH og er núna að læra hjá Þórði Árnasyni. Þá kennir hún á gítar og tónfræði í tónlistarskólanum Tónsölum.

> **ÞETTA ER PERSÓNULEG PLATA EF ÉG Á AÐ VERA HREINSKILIN. EFTIR SKILNAÐINN SETTIST ÉG NIÐUR OG SAMDI. ÞETTA ER LÍKA UM UPPLIFUNINA SEM KEMUR EFTIR Á.**

Það kemur því lítið á óvart að hún mundi gítarinn á þessari plötu en sú var ekki raunin á fyrri plötu hljómsveitarinnar.

„Ég spilaði nánast ekkert á gítarinn á fyrri plötunni en á þessari sé ég um gítarleikinn sem er nýlunda." Hún segir plötuna vera uppgjör eftir skilnað sem hún gekk í gegnum. „Þetta er persónuleg plata ef ég á að vera hreinskilin. Eftir skilnaðinn settist ég niður og samdi. Þetta er líka um upplifunina sem kemur eftir á.

Mér fannst svolítið erfitt að koma þessu efni frá mér, það var einhvern veginn meira stressandi. En ég er nú alveg ágætlega vel brynjuð og þetta varð ekkert svakalegt mál," segir Brynhildur. **benediktboas@365.is**

## Brynhildur Oddsdóttir

- Útskrifuð úr almennum tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands.
- Lærði á fiðlu, klassískan söng og djasssöng.
- Lærði á rafmagnsgítar í FÍH.
- Útskrifuð sem tamningamaður frá Hólum í Hjaltadal.
- Kennir á gitar og tónfræði í tónlistarskólanum Tónsölum.
- Hefur spilað með Bubba og Birni Thoroddsen meðal annars.



**Beebee and the bluebirds í öllu sínu veldi. Auk Brynhildar eru þeir Tómas Jónsson, Brynjar Páll Björnsson og Ásmundur Jóhannsson í bandinu.** MYND/SPESSI

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 og Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Haukadalur. — Sími 519 6000. Geysir.com

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Benedikts Bóasar Hinrikssonar



# Hvar eru hommarnir?

Guðmundur Þorbjörnsson er umsjónarmaður þáttarins Markmannshanskarnir hans Alberts Camus, sem hlusta má á Rás 1 á laugardagsmorgnum. Þættirnir eru geggjaðir. Í síðasta þætti var rætt um hvar hommarnir væru í fótbolta.

Það er nefnilega ótrúleg staðreynd að enginn hommi, sem sparkar í fótbolta, er eitthvað voðalega góður að sparka í fótbolta. Ekki opinberlega allavega. Þrátt fyrir að fótbolti sé frekar hommaleg íþrótt samkvæmt Sigríði Ásgeirsdóttur menningarfræðingi sem var viðmælandi í þættinum.

Persónulega þá skiptir kynhneigð mig engu máli. Mér gæti ekki verið meira sama. Annaðhvort er fólk gott í fótbolta eða ekki og af einhverjum orsökum virðast samkynhneigðir karlmenn einfaldlega ekki góðir í fótbolta. Samkynhneigðar konur eru hins vegar frábærar í fótbolta.

Um helgina skörtuðu lið í enska boltanum fyrirliðaböndum og reimum og ég veit ekki hvað og hvað til stuðnings samkynhneigðum. Slíkt er til fyrirmyndar og ég held að það styttist í að fyrsti homminn, sem verði í heimsklassa, komi fram á sjónarsviðið. Það getur bara ekki annað verið.

Og hvað gerist þá? Nákvæmlega ekki neitt. Það er nefnilega það fyndna við það. Fólk mun öskra og púa á viðkomandi úr stúkunni en það er engin nýlunda. Flestir heimsklassa leikmenn fá baulið beint í andlitið á útivelli. Íþróttin mun ekkert breytast ef það labbar heimsklassa hommi inn á völlinn. Og er það ekki bara hið besta mál? Ég sé allavega ekki vandamálið. Sá sem gerir það má vinsamlegast troða þeim skoðunum upp í óæðri endann á sér og vera inni í hellinum sínum.

Kynhneigð skiptir nefnilega engu máli. Hvorki í fótbolta né lífinu sjálfu.

OPIÐ 24 TÍMA Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

FISKIBOLLUR
2 FYRIR 1

- GAMALDAGS HAKKBOLLUR
- FISKIBOLLUR
KAUPIR 1 KG. FÆRÐ 2 KG.
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1

fatboy®
Jólagjöfin í ár er fatboy!

Translotje lampinn
Transloetje er ótrúlega töff Fatboy lampi sem nánast öllum langar í.
Endurhlaðanlegur með þriggja þrepa dimmer og til í 8 litum.
Verð 10.498 kr.


The Petit lampinn
Hel svalur Fatboy lampi sem er með hleðslu batterí og þriggja þrepa dimmer.
Frábær jólagjöf sem gefur birtu, gleði og nýtist í rafmagnsleysi.
Verð frá 7.580 kr.

The Klaid teppið
Teppið sem allir eru að tala um.
Það er prjónað úr 100% hágæða bómull.
Stærð 130x200sm.
Teppi sem veitir þér (ásamt ímyndaða vini þínum) hita allt kvöldið.

Verð 13.740 kr.
Verslun á horni Grensás og Ármúla og á www.sekkur.is
ARGH!!! 201117

STILLANLEGT HJÓNARÚM

ERGOMOTION 330
ERGOMOTION er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botn sem fæst í dag.
Þráðlaus fjarstýring, þægilegt nudd með hraðastillingu og tímarofa.
Tvískipt hjónarúm 2x 90x200sm með Aviana þrýstijöfnunardýnu.
33.208 kr. Á MÁNUÐI*
Vaxtalaust og fyrsta greiðsla í mars 2018.
TILBOÐSVERÐ 380.320 kr.
FULLT VERÐ 449.772 kr.
(*Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)
rekkjan HEILSURÚM
Rekkjan ehf · Ármúla 44 · 108 Reykjavík · 588 1955 · www.rekkjan.is · Opið virka d. 10–18 og lau 11–16